

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/56/ESB

2018/EES/31/05

frá 16. apríl 2014

## um breytingu á tilskipun 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila (\*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um skilyrði fyrir viðurkenningu og skráningu einstaklinga, sem annast lögboðna endurskoðun, reglur um ónæði, hlutlægni og siðareglur starfsstéttar, sem gilda um þá einstaklinga, og rammann sem gildir um opinbert eftirlit með þeim. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að samræma frekar þessar reglur á vettvangi Sambandsins til þess að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika þeirra krafna sem gilda um slíka einstaklinga og auka óhæði og hlutlægni þeirra í verkefnum sem þeir sinna. Einnig er mikilvægt að auka lágmarkssamleitni að því er varðar endurskoðunarstaðla en lögboðin endurskoðun fer fram á grundvelli þeirra. Til að efla fjárfestavernd er enn fremur mikilvægt að styrkja opinbert eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum með því að efla sjálfstæði opinberra eftirlitsyfirvalda Sambandsins og fela þeim nægilegar valdheimildir, þ.m.t. rannsóknarvald og heimild til að beita viðurlögum, með það fyrir augum að koma upp um, hindra og koma í veg fyrir brot gegn gildandi reglum í tengslum við endurskoðunarþjónustu sem löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki veita.
- 2) Vegna þess að einingar tengdar almannahagsmunum hafa umtalsvert vægi í opinberu tilliti, sem kemur til af umfangi og flækjustigi í starfsemi þeirra eða af eðli starfseminnar, þarf að efla trúverðugleika endurskoðaðra reikningsskila eininga tengdra almannahagsmunum. Af þessum sökum hafa sérákvæði fyrir lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum, sem sett eru fram í tilskipun 2006/43/EB, verið þróuð frekar með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 <sup>(4)</sup>. Ákvæðin um lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ættu einungis að gilda um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki að svo miklu leyti sem þau annast lögboðna endurskoðun slíkra fyrirtækja.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 196. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) og bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr. (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 61.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 3. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjttíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sértækar kröfur um lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum (Stjttíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

- 3) Í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins nær innri markaðurinn yfir svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og staðfesturéttur eru tryggð. Nauðsynlegt er að gera löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum kleift að þróa starfsemi sína er varðar þjónusta á sviði lögboðinnar endurskoðunar innan Sambandsins með því að gera þeim mögulegt að veita slíka þjónustu í öðru aðildarríki en þar sem þeir fengu leyfi. Með því að gera löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum kleift að veita lögboðna endurskoðun í gístaðildarríki undir starfsheiti í heimalandi sínu er einkum brugðist við þörfum fyrirtækjahópa sem gera reikningsskil í nokkrum aðildarríkjum vegna aukins viðskiptaflæðis, sem er til komið vegna innri markaðarins, og gerð er krafa til þeirra um að þau fái þau endurskoðuð samkvæmt lögum Sambandsins. Brottnám hindrana, sem aftra þróun þjónustu á sviði lögboðinnar endurskoðunar milli aðildarríkja, myndi styðja við samþættingu endurskoðunarmarkaðar Sambandsins.
- 4) Við lögboðna endurskoðun er þörf á fullnægjandi þekkingu á málum á borð við félagarétt, skattarétt og félagsmálarétt sem getur verið mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Til þess að tryggja gæði þjónustu á sviði lögboðinnar endurskoðunar á yfirráðasvæði aðildarríkis ætti aðildarríki að sama skapi að geta gripið til uppbótarráðstöfunar ef löggiltir endurskoðandi, sem viðurkenndur er í öðru aðildarríki, óskar eftir því að fá einnig viðurkenningu á yfirráðasvæði þess aðildarríkis til þess að koma upp fastri starfsstöð þar. Slík ráðstöfun ætti að taka mið af starfsreynslu löggilta endurskoðandans sem í hlut á. Hún ætti ekki að leiða til þess að lagðar séu óhóflegar byrðar á löggilta endurskoðandann eða að hamla eða gera það síður fýsilegt að veita þjónustu á sviði lögboðinnar endurskoðunar í aðildarríkinu sem grípur til uppbótarráðstöfunar. Heimila ætti aðildarríkjum að viðurkenna löggilta endurskoðendur sem sækja um annað hvort á grundvelli hæfnisprófs eða aðlögunartíma eins og þeim sem skilgreindur er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB <sup>(1)</sup>. Við lok aðlögunartímabilsins ætti löggilti endurskoðandinn að geta fengið inngöngu í starfsgreininna í gístaðildarríkinu að loknu mati á því hvort hann hafi starfsreynslu í því aðildarríki.
- 5) Enda þótt höfuðábyrgð á því að veita fjárhagsupplýsingar ætti að vera í höndum stjórnar endurskoðuðu einingarinnar gegna löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki því hlutverki að leggja af ötulleika gagnrýnar spurningar fyrir stjórnina frá sjónarhóli notanda. Til þess að auka gæði endurskoðunar er því mikilvægt að efla faglega gagnrýni sem löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki beita gagnvart endurskoðuðu einingunni. Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki ættu að kannast við þann möguleika að verulegar skekkjur vegna svika eða villna gætu verið fyrir hendi þrátt fyrir fyrri reynslu endurskoðandans af heiðarleika og ráðvendni stjórnenda endurskoðuðu einingarinnar.
- 6) Einkum er mikilvægt að efla óhæði sem grundvallarþátt í framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar. Til þess að styrkja óhæði löggiltra endurskoðanda og endurskoðunarfyritækja gagnvart endurskoðuðum einingum þegar þeir annast lögboðna endurskoðun ætti löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki og sérhver einstaklingur sem er í aðstöðu til að hafa bein eða óbein áhrif á niðurstöðu lögboðna endurskoðunarinnar að vera óháður endurskoðuðu einingunni og ætti ekki að taka þátt í ákvarðanatökufurli endurskoðuðu einingarinnar. Til þess að viðhalda slíku óhæði er einnig mikilvægt að þeir haldi skrár yfir alla ógnun við óhæði þeirra og þær verndarráðstafanir sem gripið er til að draga úr þessari ógnun. Ef ógnun við óhæði þeirra er of mikil, jafnvel eftir að gerðar hafa verið verndarráðstafanir til að draga úr þessari ógnun, ættu þeir þar að auki að segja sig frá endurskoðunarverkefninu eða taka það ekki að sér.
- 7) Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki ættu að vera óháð þegar þau annast lögboðna endurskoðun eininga sem eru endurskoðaðar og forðast ætti hagsmunaaðreikstra. Til þess að ákvarða hvort löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki séu óháð verður að taka tillit til þess hvað hugtakið „tengslanet“, sem löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki starfa innan, felur í sér. Uppfylla ætti kröfuna um óhæði a.m.k. á því tímabili sem áritun endurskoðanda tekur til, þ.m.t. tímabilið sem reikningsskilin, sem á að endurskoða, taka til sem og tímabilið þegar lögboðna endurskoðunin fer fram.
- 8) Einkum ættu löggiltir endurskoðendur, endurskoðunarfyritæki og starfsmenn þeirra að forðast það að annast lögboðna endurskoðun einingar ef þau tengjast henni í gegnum viðskiptahagsmuni eða fjárhagslega hagsmuni og forðast viðskipti með aðra fjármálagerninga, sem endurskoðaða einingin gefur út, ábyrgist eða styður með einhverjum hætti, heldur en eignarhlutdeildir í dreifðum sameiginlegum fjárfestingarsjóðum. Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið ættu að halda sig frá því að taka þátt í innra ákvarðanatökufurli endurskoðuðu einingarinnar. Koma ætti í veg fyrir að löggiltir endurskoðendur, endurskoðunarfyritæki og starfsmenn, sem taka með beinum hætti þátt í lögboðna endurskoðunarverkefni, taki að sér stjórnunar- og stjórnarskyldur í endurskoðuðu einingunni fyrr en að hæfilegum tíma liðnum frá því að endurskoðunarverkefninu lauk.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtúð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

- 9) Mikilvægt er að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni virði rétt viðskiptavina sinna til friðhelgi og gagnaverndar. Þau ættu því að vera bundin ströngum reglum um trúnaðarkvöð og þagnarskyldu sem ætti þó ekki að hindra fullnægjandi framkvæmd þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 eða samstarf við hóp endurskoðanda við vinnu við endurskoðun samstæðureikningsskila ef móðurfélagið er í þriðja landi, að því tilskildu að farið sé að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB<sup>(1)</sup>. Slíkar reglur ættu hins vegar ekki að leyfa löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni að starfa með yfirvöldum í þriðju löndum eftir öðrum samstarfsleiðum en þeim sem kveðið er á um í XI. kafla tilskipunar 2006/43/EB. Þessar reglur um trúnaðarkvöð skulu einnig gilda um hvern þann löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni sem vinnur ekki lengur að sérstöku endurskoðunarverkefni.
- 10) Fullnægjandi innra skipulag löggiltra endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækja ætti að stuðla að því að fyrirbyggja hvers konar ógn við óhæði þeirra. Eigendur eða hluthafar endurskoðunarfyrtækis, svo og þeir sem stýra því, ættu þess vegna ekki að hlutast til um framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á nokkurn þann hátt sem stofnar í hættu óhæði og hlutlægni löggiltra endurskoðandans sem annast lögboðnu endurskoðunina fyrir hönd endurskoðunarfyrtækisins. Að auki ættu löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni að koma á viðeigandi innri starfsreglum og ferlum í tengslum við starfsmenn og aðra einstaklinga, sem koma að lögboðinni endurskoðunarstarfsemi í stofnunum, þar sem þeir starfa, til þess að tryggja að farið sé að lögboðnum skyldum þeirra. Starfsreglurnar og ferlarnir ættu einkum að miða að því að koma í veg fyrir og takast á við ógn við óhæði og ættu að tryggja gæði, heilindi og nákvæmni lögboðnu endurskoðunarinnar. Gæta skal meðalhófs í þessum starfsreglum og ferlum og miða við umfang og flækjustig í starfsemi löggiltra endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins.
- 11) Niðurstaða lögboðinnar endurskoðunar kemur fram í áliti þess efnis að reikningsskilin gefi glögga mynd af endurskoðuðu einingunum í samræmi við viðeigandi reikningsskilaramma. Hagsmunaaðilar gætu hins vegar verið ómeðvitaðir um takmarkanir endurskoðunar að því er varðar t.d. mikilvægi, úrtaksaðferðir, hlutverk endurskoðandans í því að komast á snodir svik og ábyrgð stjórnenda, og getur það leitt getur til óuppfylltra væntinga. Til þess að draga úr óuppfylltum væntingum er mikilvægt að veita skýrari mynd af umfangi lögboðinnar endurskoðunar.
- 12) Mikilvægt er að tryggja hágæða lögboðna endurskoðun innan Sambandsins. Öll lögboðin endurskoðun skal því fara fram á grundvelli þeirra alþjóðlegu endurskoðunarstaðla sem framkvæmdastjórnin samþykkir. Þar sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eru þannig hannaðir að þeir séu til nota fyrir einingar af öllum stærðum, gerðum og í öllum lögsögum ættu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum að taka tillit til umfangs og flækjustigs í starfsemi lítilla fyrirtækja við mat á gildissviði alþjóðlegra endurskoðunarstaðla. Ekkert ákvæði eða ráðstöfun, sem aðildarríki samþykkir í þessu tilliti, ætti að leiða til þess að löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækni geti ekki sinnt lögboðinni endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Aðildarríkjum ætti einungis að vera heimilt að innleiða landsbundnar aðferðir eða kröfur um endurskoðun ef þær stafa af sérstökum landsbundnum lagaskilyrðum sem varða umfang lögboðinnar endurskoðunar árlegra reikningsskila eða samstæðureikningsskila, sem merkir að þessar kröfur hafa ekki verið til umfjöllunar í þeim alþjóðlegu endurskoðunarstöðlum, sem samþykktir hafa verið, eða ef þær auka trúverðugleika og gæði árlegra reikningsskila og samstæðureikningsskila. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram þátttöku í vöktun á innihaldi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og samþykktarferli þeirra hjá alþjóðlegu samtökum endurskoðanda.
- 13) Þegar um er að ræða samstæðureikningsskil er mikilvægt að ábyrgð löggiltra endurskoðanda, sem endurskoða mismunandi einingar innan hlutaðeigandi samstæðu, sé skýrt skilgreind. Í þessu skyni skal endurskoðandi samstæðunnar bera fulla ábyrgð á áritun endurskoðanda.
- 14) Til þess að efla trúverðugleika og gagnsæi gæðatryggingarrýni sem fer fram innan Sambandsins ættu gæðatryggingarkerfi aðildarríkjanna að heyra undir þau lögbæru yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna til að tryggja opinbert eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum. Með gæðatryggingarrýni er ætlunin að koma í veg fyrir eða bregðast við mögulegum annmörkum á því hvernig lögboðin endurskoðun er framkvæmd. Til þess að tryggja að gæðatryggingarrýni sé nægilega heildstæð ættu lögbær yfirvöld, við framkvæmd slíkrar rýni, að taka tillit til umfangs og flækjustigs í starfsemi löggiltu endurskoðandanna og endurskoðunarfyrtækjanna.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

- 15) Til þess að kröfum þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 sé betur fylgt og í ljósi orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2010 sem ber heitið „Efling fyrirkomulags um viðurlög á sviði fjármálaþjónustu“ ætti að styrkja völd lögbærra yfirvalda til að samþykkja eftirlitsráðstafanir og til að leggja á viðurlög. Gera ætti kleift að leggja fjárhagsleg stjórnsluviðurlög á löggilta endurskoðendur, endurskoðunarfyrtækni og einingar tengdar almannahagsmunum við staðfestum brotum á reglunum. Viðurlögin og ráðstafanirnar sem lögbæru yfirvöldin grípa til ættu að vera gagnsæ. Með samþykkt og birtingu viðurlaga ætti að virða grundvallarréttindi sem mælt er fyrir um í Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi einkum réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttinn til verndar persónuupplýsinga og réttinn til að leita raunhæfra úrræða og til réttlátrar málsmeðferðar.
- 16) Lögbær yfirvöld ættu að geta beitt fjárhagslegum stjórnsluviðurlögum sem hafa raunveruleg varnaðaráhrif, t.d. að fjárhæð allt að einni milljón evra eða meira þegar um er að ræða einstaklinga og að fjárhæð sem er í hlutfalli við heildarveltu ársins á undanfarandi fjárhagsári ef um er að ræða lögaðila eða aðra aðila. Markmiðinu er betur náð með því að tengja fjárhagslegu viðurlögin við fjárhagsstöðu aðilans sem fremur brotið. Gera ætti ráð fyrir öðrum tegundum viðurlaga sem hafa viðeigandi varnaðaráhrif án þess þó að slíkt hafi áhrif á möguleikann til að afturkalla viðurkenningu löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins sem í hlut á. Aðildarríkin ættu í öllum tilvikum að beita sams konar viðmiðunum þegar viðurlög eru ákveðin.
- 17) Uppljóstrarar geta vakið athygli lögbærra yfirvalda á nýjum upplýsingum sem geta hjálpað þeim að koma upp um misfellur og leggja á viðurlög við þeim, þ.m.t. svik. Ótti við aðgerðir í hefndarskyni kann hins vegar að fæla uppljóstrara frá slíku eða þá kann að skorta hvatningu til uppljóstrana. Þess vegna ættu aðildarríki að tryggja að fullnægjandi fyrirkomulag sé til staðar til að hvetja uppljóstrara til að gera þeim viðvart um möguleg brot gegn þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 537/2014 og vernda þá fyrir refsiaðgerðum. Aðildarríki ættu einnig að geta veitt hvatningu til þess að þeir geri slíkt, hins vegar ættu uppljóstrarar einungis að teljast hæfir til að nýta slíka hvatningu ef þeir leiða nýjar upplýsingar í ljós sem þeim ber ekki nú þegar skylda til að tilkynna um að lögum og ef upplýsingarnar leiða til viðurlaga vegna brota gegn þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Aðildarríki ættu hins vegar að tryggja að í uppljóstrarakerfum, sem þau setja upp, sé tilhögun sem veitir þeim aðilum, sem tilkynnt er um, viðeigandi vernd, einkum að því er varðar réttinn til verndar persónuupplýsingum þeirra og málsmeðferð til að tryggja rétt þeirra til að taka til varna og flytja mál sitt áður en ákvörðun er þá varðar er tekin, auk réttarins til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns fyrir dómstóli vegna slíkrar ráðstöfunar. Tilhögunin, sem komið er á, ætti að veita uppljóstrurum viðunandi vernd ekki einvörðungu að því er varðar réttinn til verndar persónuupplýsingum heldur einnig með því að tryggja að þeir verði ekki þolendur óréttmætra aðgerða í hefndarskyni.
- 18) Opinbert eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum felur í sér viðurkenningu og skráningu löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja, samþykkt staðla að því er varðar siðareglur starfsstétta og innri gæðarýni endurskoðunarfyrtækja, símenntun og gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni. Til þess að auka gagnsæi eftirlits með endurskoðendum og efla ábyrgð ætti sérhvert aðildarríki að tilnefna eitt yfirvald sem ber ábyrgð á opinberu eftirliti með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum. Óhæði slíkra opinberra eftirlitsyfirvalda gagnvart starfsstétt endurskoðenda er meginforsenda fyrir heilindum, skilvirkni og reglufestu í framkvæmd opinbers eftirlits með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum. Af þessum sökum ætti stjórn opinberra eftirlitsyfirvalda að vera í höndum endurskoðenda, sem eru ekki starfandi endurskoðendur, og aðildarríkin ættu að koma á fót sjálfstæðum og gagnsæjum ferlum fyrir val á slíkum endurskoðendum sem ekki eru starfandi endurskoðendur.
- 19) Aðildarríkjum ætti að vera kleift að gera undanþágur frá kröfunum sem gerðar eru til endurskoðunarþjónustu sem veitt er samvinnufélögum og sparisjóðum.
- 20) Aðildarríki ættu að geta falið eða heimilað lögbærum yfirvöldum að fela verkefni þessara lögbæru yfirvalda öðrum yfirvöldum eða aðilum sem hafa fengið heimild eða tilnefningu samkvæmt lögum. Slíkt framsal ætti að vera háð nokkrum skilyrðum og hlutaðeigandi lögbært yfirvald ætti að bera endanlega ábyrgð á eftirlitinu.

- 21) Veita ætti opinberum eftirlitsyfirvöldum nægilega mikið vald til að uppfylla skyldur sínar með skilvirkum hætti. Auk þess ætti að láta þeim í té nægan mannauð og fjármagn til að leysa verkefni sín af hendi.
- 22) Upplýsingaskipti milli opinberra eftirlitsyfirvalda og aðildarríkjanna eru nauðsynleg svo að unnt sé að hafa viðunandi eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum sem taka þátt í starfsemi sem nær yfir landamæri eða eru hluti af tengslaneti. Til þess að tryggja að trúnaðarskylda ríki um þær upplýsingar, sem gæti verið skipst á með þeim hætti, ættu aðildarríkin ekki aðeins að láta reglur um þagnarskyldu gilda um opinber eftirlitsyfirvöld heldur einnig um alla þá aðila sem opinber eftirlitsyfirvöld gætu hafa falið verkefni.
- 23) Ef til þess eru gildar ástæður ættu hluthafar, aðrir aðilar að endurskoðuðu einingunum, ef þeir hafa verið skilgreindir í landslögum, eða lögbær yfirvöld, sem eru ábyrg fyrir eftirliti með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum, eða, ef kveðið er á um slíkt í landslögum, lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með einingu tengdri almannahagsmunum, að hafa heimild til að færa fram kröfu um uppsögn löggilta endurskoðandans fyrir landsbundnum dómstól.
- 24) Endurskoðunarnefndir eða aðilar, sem leysa af hendi jafngilda starfsemi innan endurskoðuðu einingarinnar tengdri almannahagsmunum, gegna lykilhlutverki í því að stuðla að hágæða lögboðinni endurskoðun. Einkum er mikilvægt að efla óháði og tæknilega getu endurskoðunarnefndarinnar með því að gera þá kröfu að meirihluti nefndarmanna sé óháður og að a.m.k. einn nefndarmaður sé bær til að sinna endurskoðun og/eða bókhaldi. Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna í skráðum félögum svo og um stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir) félaga<sup>(1)</sup> er sett fram hvernig endurskoðunarnefndum ætti að vera komið á fót og hvernig þær ættu að starfa. Miðað við stærð stjórnna í félögum með lækkað markaðsverðmæti og í litlum og meðalstórum einingum tengdum almannahagsmunum þykir hins vegar rétt að kveða svo á um að stjórnar- eða eftirlitsaðilinn geti í heild sinni starfsemi sem falin er endurskoðunarnefnd slíkra eininga eða þeim aðila sem annast jafngilda starfsemi innan endurskoðuðu einingarinnar. Einingar tengdar almannahagsmunum, sem eru verðbréfasjóðir eða sérhæfðir sjóðir, ættu einnig að vera undanþegnar þeirri skyldu að hafa endurskoðunarnefnd. Með þessari undanþágu er tekið tillit til þess að ef þessir sjóðir starfa eingöngu í þeim tilgangi að fjárfesta sameiginlega með fjármagni hentar ekki að starfrækja endurskoðunarnefnd. Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir, sem og rekstrarfélög þeirra, starfa þar að auki í umhverfi með strangt skilgreindum reglum og um þá gilda sérstakar stjórnunaraðferðir, s.s. eftirlit sem vörsluaðili þeirra annast.
- 25) Í lögnum um lítil fyrirtæki sem samþykkt voru með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2008 með heitinu „Hugsíð smátt í fyrstu – Lög um lítil fyrirtæki í Evrópu“ og endurskoðuð voru með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 23. febrúar 2011 með heitinu „Endurskoðun laga um lítil fyrirtæki fyrir Evrópu“ er viðurkennt hve mikilvægu hlutverki lítil og meðalstór fyrirtæki gegna fyrir hagkerfi Evrópusambandsins og er markmiðið að bæta heildarstefnu varðandi frumkvöðlastarfsemi og festa meginregluna „hugsíð smátt í fyrstu“ í sessi við stefnumótun. Í áætluninni Evrópa 2020, sem samþykkt var í mars 2010, er kallað eftir bættum aðstæðum í fyrirtækjarekstri, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, m.a. með því að draga úr viðskiptakostnaði vegna viðskipta í Sambandinu. Í 34. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB<sup>(2)</sup> eru lítil fyrirtæki ekki krafín um að láta endurskoða reikningsskil sín.
- 26) Til að varðveita réttindi aðilanna, sem um er að ræða þegar lögbær yfirvöld aðildarríkjanna starfa með lögbærum yfirvöldum þriðju landa varðandi skipti á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum tengdum skjölum til þess að meta gæði endurskoðunarinnar, ættu aðildarríki að tryggja að sú vinnutilhögun sem lögbær yfirvöld taka upp og slík skipti byggjast á búi yfir fullnægjandi verndarráðstöfunum til að varðveita viðskiptaleynd og viðskiptahagsmuni, þ.m.t. hugverkaréttindi á sviði iðnaðar og hugverkarétt eininganna sem eru endurskoðaðar. Aðildarríki ættu að tryggja að í þessum ráðstöfunum sé farið að og samræmis gætt við ákvæði tilskipunar 95/46/EB.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og viðkomandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

- 27) Viðmiðunarfjárhæð sem nemur 50 000 evra, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB, var samræmd í c-lið og d-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB <sup>(1)</sup>. Viðmiðunarfjárhæðirnar, sem settar eru fram í tilskipun 2003/71/EB, hafa verið hækkaðar upp í 100 000 evrur í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB <sup>(2)</sup>. Af þeim sökum ætti að gera samsvarandi leiðréttingar á viðmiðunarfjárhæðinni sem sett er fram í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB.
- 28) Til að koma nýja lagarammanum, sem kveðið er á um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, að öllu leyti til framkvæmda er nauðsynlegt að aðlaga og skipta út framkvæmdarvaldheimildunum, sem kveðið er á um skv. 202. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með viðeigandi ákvæðum í samræmi við 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 29) Samræma ætti málsmeðferð við samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á framseldum gerðum og framkvæmdargerðum við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 290. og 291. gr., miðað við hvert tilvik fyrir sig. Til þess að taka tillit til þróunar á endurskoðun og í endurskoðunarfaginu og til að auðvelda eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins. Á sviði endurskoðunareftirlits er nauðsynlegt að nota framseldar gerðir til þess að móta málsmeðferð fyrir samvinnu milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og þriðju landa. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja að viðkomandi skjöl séu send samhlíða, tímanlega og með viðeigandi hætti til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 30) Til þess að tryggja einsleit skilyrði fyrir framkvæmd yfirlýsinga um jafngildi endurskoðunareftirlitskerfa þriðju landa eða varðandi það að lögbær yfirvöld þriðju landa séu fullnægjandi, að því marki sem þau varða einstök þriðju lönd eða einstök lögbær yfirvöld þriðju landa, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(3)</sup>.
- 31) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiði þessarar tilskipunar nægilega vel, þ.e. að efla tiltrú fjárfesta á sannleiksgildi og réttmæti reikningsskila sem fyrirtæki birta með því að auka frekar gæði lögboðinnar endurskoðunar, sem framkvæmd er innan Sambandsins, en því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 32) Því ber að breyta tilskipun 2006/43/EB til samræmis við það.
- 33) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins <sup>(4)</sup> (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún álit 23. apríl 2012 <sup>(5)</sup>.
- 34) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl <sup>(6)</sup> hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnispáttu tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætunleg.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjttíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samhfæingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (Stjttíð. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjttíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónu-upplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjttíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB C 336, 6.11.2012, bls. 4.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 2006/43/EB er breytt sem hér segir:

## 1. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„Ekki skal beita 29. gr. þessarar tilskipunar um lögboðna endurskoðun árlegra og samstæðureikningsskila eininga tengdra almannahagsmunum nema slíkt sé tilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 (\*).

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur er varða lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum (Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).“

## 2. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. „lögboðin endurskoðun“: endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikninga að því marki sem:

a) hennar er krafist samkvæmt lögum Sambandsins,

b) hennar er krafist samkvæmt landslögum að því er varðar lítill fyrirtæki,

c) hún er framkvæmd að eigin ákvörðun að beiðni lítilla fyrirtækja sem uppfylla landsbundnar lagakröfur sem eru jafngildar þeim sem gilda um endurskoðun skv. b-lið, þegar landsbundin löggjöf skilgreinir slíka endurskoðun sem lögboðna endurskoðun,“.

## b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. „endurskoðunareining í þriðja landi“: eining, óháð rekstrarformi hennar að lögum, sem annast endurskoðun árlegra reikningsskila eða samstæðureikningsskila félags sem stofnað er í þriðja landi, önnur en eining, sem er skráð sem endurskoðunarfyrirtæki í einhverju aðildarríki, sem leiðir af samþykki í samræmi við 3. gr.,“.

## c) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. „endurskoðandi í þriðja landi“: einstaklingur sem framkvæmir endurskoðun árlegra eða samstæðureikningsskila félags, sem stofnað er í þriðja landi, annar en einstaklingur, sem er skráður sem löggiltur endurskoðandi í einhverju aðildarríki, sem leiðir af samþykki í samræmi við 3. gr. og 44. gr.,“.

## d) Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:

„10. „lögbær yfirvöld“: yfirvöld sem falið er, samkvæmt lögum, að setja reglur um og/eða hafa eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum eða sérstökum þáttum þar að lútandi; ef vísað er til „lögbærs yfirvalds“ í sérstakri grein þýðir það að vísað er til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á störfum sem um getur í þeirri grein,“.

## e) Ákvæði 11. liðar falli brott.

## f) Í stað 13. liðar komi eftirfarandi:

„13. „einingar tengdar almannahagsmunum“:

a) einingar sem lúta lögum aðildarríkis og framseljanleg verðbréf þeirra eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði aðildarríkis í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

b) lánastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/EB (\*\*), aðrar en þær sem um getur í 2. gr. þeirrar tilskipunar,

- c) váttryggingafélög í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE eða
- d) einingar, sem aðildarríkin tilnefna sem einingar tengdar almannahagsmunum, t.d. fyrirtæki sem hafa umtalsvert vægi í opinberu tilliti vegna þess hvers eðlis reksturinn er vegna stærðar eða vegna fjölda starfsmanna.

(\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).“

g) Í stað 15. liðar komi eftirfarandi:

„15. „endurskoðandi sem er ekki starfandi sem endurskoðandi“: sérhver einstaklingur sem hefur ekki, meðan á þátttöku hans í stjórnun opinbers eftirlitskerfis og á undanfarandi þriggja ára tímabili áður en hann hóf þátttökuna, annast lögboðna endurskoðun, haft atkvæðisrétt í endurskoðunarfyrirtæki, verið félagi í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitstjórn endurskoðunarfyrirtækis og hefur ekki starfað hjá endurskoðunarfyrirtæki eða tengst því á annan hátt,“.

h) Eftirfarandi 17.-20. liður bætist við:

„17. „meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (\*),

18. „lítill fyrirtæki“: fyrirtæki, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

19. „heimaaðildarríki“: aðildarríki þar sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki eru viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 3. gr.,

20. „gístiaðildarríki“: aðildarríki þar sem löggiltur endurskoðandi, sem viðurkenndur hefur verið í heimaaðildarríki sínu, leitar eftir að fá einnig viðurkenningu, í samræmi við 14. gr., eða aðildarríki þar sem endurskoðunarfyrirtæki, sem hlotið hefur viðurkenningu í heimaaðildarríki sínu, leitar eftir að fá skráningu eða er skráð í samræmi við 3. gr. a.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og viðkomandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjútíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).“

3. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Sérhvert aðildarríki skal tilnefna hvaða lögþær yfirvöld skulu bera ábyrgð á viðurkenningu löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja.“

ii. Önnur undirgrein falli brott.

b) Í stað b-liðar fyrstu undirgreinar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„b) meirihluti atkvæðisréttar í einingu verður að vera í höndum endurskoðunarfyrirtækja sem eru viðurkennd í einhverju aðildarríkjanna eða einstaklinga sem uppfylla að lágmarki þau skilyrði sem sett eru samkvæmt ákvæðum 4. gr. og 6.–12. gr. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að önnur aðildarríki verði einnig að hafa viðurkennt þessa einstaklinga. Að því er varðar lögboðna endurskoðun samvinnufélaga, sparisjóða og sambærilegra eininga, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, dótturfélags eða löglegs arftaka samvinnufélags, sparisjóðs eða sambærilegrar einingar, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, er aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um önnur sérákvæði í tengslum við atkvæðisrétt,“.

## 4. Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

**Viðurkenning endurskoðunarfyrtækja**

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skal endurskoðunarfyrtæki sem viðurkennt er af aðildarríki eiga rétt á að annast lögboðna endurskoðun í öðru aðildarríki að því tilskildu að áritunarendurskoðandinn (e. key audit partner), sem annast lögboðnu endurskoðunina af hálfu endurskoðunarfyrtækis, uppfylli kröfur a-liðar 4. mgr. 3. gr. í gístiaðildarríkinu.

2. Endurskoðunarfyrtæki, sem óskar eftir því að sinna lögboðinni endurskoðun í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki sínu, skal skrá sig hjá lögbæra yfirvaldinu í gístiaðildarríkinu í samræmi við 15. og 17. gr.

3. Lögbæra yfirvaldið í gístiaðildarríkinu skal skrá endurskoðunarfyrtækið þegar það hefur gengið fyllilega úr skugga um að endurskoðunarfyrtækið sé skráð hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu. Ef gístiaðildarríkið hyggst reiða sig á skírteini sem staðfestir skráningu endurskoðunarfyrtækis í heimaaðildarríki getur lögbært yfirvald í gístiaðildarríkinu gert kröfu um að skírteinið, sem lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu gaf út, sé ekki eldra en þriggja mánaða gamalt. Lögbært yfirvald í gístiaðildarríkinu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkisinu um skráningu endurskoðunarfyrtækisins.“

## 5. Í stað 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„3. Ef viðurkenning á löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki er af einhverjum ástæðum afturkölluð skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu þar sem viðurkenningin er afturkölluð tilkynna viðeigandi lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu þar sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið eru einnig skráð, í samræmi við 3. gr. a, 16. gr. (c-liður 1. mgr.) og 17. gr. (i-liður 1. mgr.), að svo hafi verið gert og um ástæður fyrir afturkölluninni.“

## 6. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. gr.:

„Lögbæru yfirvöldin, sem um getur í 32. gr., skulu hafa með sér samvinnu með það fyrir augum að ná fram samleitni krafna sem settar eru fram í þessari grein. Við þátttöku í slíkri samvinnu skulu þessi lögbæru yfirvöld taka tillit til þróunar í endurskoðunar og endurskoðunarstarfsgreininni og einkum samleitni sem þegar hefur náðst í starfsgreininni. Þau skulu vinna með Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðanda og lögbærum yfirvöldum, sem um getur í 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, að því marki sem slík samleitni varðar lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum.“

## 7. Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað i-liðar í 1. mgr. komi eftirfarandi:

„i) alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eins og um getur í 26. gr.“.

## b) Ákvæði 3. liðar falli brott.

## 8. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til þess að tryggja hæfni til að beita fræðilegri þekkingu sinni í starfi, en sá þáttur er hluti af prófinu, skal starfsnemi ljúka a.m.k. þriggja ára starfsþjálfun, m.a. í endurskoðun árlegra reikningsskila, samstæðureikningsskila eða sambærilegra reikningsskila. Ljúka skal a.m.k. tveimur þriðju af slíkri starfsþjálfun hjá löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem hafa verið viðurkennd í einhverju aðildarríkjanna.“

## 9. Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

**Símenntun**

Aðildarríki skulu tryggja að löggiltir endurskoðendur séu skyldaðir til að taka þátt í viðeigandi símenntunaráætlunum í því skyni að halda fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum á nægilega háu stigi og ef þeir virða ekki kröfurnar um símenntun gilda um það viðeigandi viðurlög, eins og um getur í 30. gr.“

10. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

#### **Viðurkenning löggiltra endurskoðenda frá öðru aðildarríki**

1. Lögbær yfirvöld skulu fastsetja málsmeðferð fyrir viðurkenningu löggiltra endurskoðenda sem hafa verið viðurkenndir í öðrum aðildarríkjum. Í þessari málsmeðferð skal ekki ganga lengra en að gera kröfu um að ljúka aðlögunartímabili, eins og skilgreint er í g-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB (\*), eða að standast hæfnispróf eins og skilgreint er í h-lið þess ákvæðis.

2. Gistiaðildarríkið skal ákveða hvort umsækjandi, sem sækir um viðurkenningu, skuli ljúka aðlögunartímabili, eins og skilgreint er í g-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB, eða hæfnisprófi eins og skilgreint er í h-lið þess ákvæðis.

Aðlögunartímabilið skal ekki vera lengra en þrjú ár og umsækjandi skal gangast undir mat.

Hæfnisprófið skal fara fram á einu af þeim tungumálum sem leyfð eru í gildandi reglum um tungumál í gistiaðildarríkinu sem um er að ræða. Það skal eingöngu fjalla um nægilega kunnáttu löggilta endurskoðandans á lögum og reglugerðum gistiaðildarríkisins að því marki sem þau tengjast lögboðinni endurskoðun.

3. Lögbæru yfirvöldin skulu vinna saman innan ramma Evrópunefndar eftirlitsaðila með endurskoðun í því skyni að ná fram samleitni í kröfum um aðlögunartímabilið og hæfnisprófið. Þau skulu auka gagnsæi og fyrirsjáanleika krafanna. Þau skulu hafa samvinnu við Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda og lögbær yfirvöld, sem um getur í 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, að því marki sem slík samleitni varðar lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).“

11. Í stað 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni séu skráð í opinbera skrá í samræmi við 16. og 17. gr. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin gert undanþágu frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í þessari grein og 16. gr., varðandi upplýsingagjöf en þó aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að draga úr yfirvofandi og verulegri ógnun við persónulegt öryggi sérhvers einstaklings.“

12. Í 1. mgr. 17. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„j) hvort endurskoðunarfyrtækni er skráð skv. 3. mgr. 3. gr. a, ef við á.“

13. Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„Siðareglur starfsgreinar og gagnrýni“.**

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu tryggja, þegar löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækni annast lögboðna endurskoðun, að hann, hún eða það viðhafi faglega gagnrýni við alla endurskoðunina og séu meðvituð um möguleikann á því að verulegar/efnislegar skekkjur kunni að koma fyrir vegna staðreynda eða hegðunar sem gefur til kynna frávik, þ.m.t. svik eða villu, þrátt fyrir að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtæknið hafi fyrri reynslu af heiðarleika og ráðvendi stjórnenda einingarinnar sem er endurskoðuð og þeirra sem bera ábyrgð á stjórnunarháttum hennar.

Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtæknið skulu einkum beita faglegri gagnrýni þegar stjórnunarmat er skoðað að því er varðar gangvirði, viðrisrýrnun eigna, reiknaðar skuldbindingar og framtíðarsjóstreymi sem skiptir máli fyrir getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi.

Að því er varðar þessa grein merkir „fagleg gagnrýni“ viðhorf sem felur í sér spyrjandi huga, sem er á varðbergi gagnvart aðstæðum sem geta gefið til kynna mögulegar skekkjur vegna villna eða svika, og gagnrýnið mat á endurskoðunargögnum með sönnunargildi.“

## 14. Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki annast lögboðna endurskoðun eða einstaklingur, sem er í stöðu til að hafa bein eða óbein áhrif á niðurstöðu lögboðnu endurskoðunarinnar, séu þau óháð einingunni sem er endurskoðuð og taki ekki þátt í ákvarðanatöku einingarinnar sem er endurskoðuð.

Krafist skal óhæðis a.m.k. bæði á því tímabili sem reikningsskilin sem endurskoða á taka til og á því tímabili sem lögboðna endurskoðunin er gerð.

Aðildarríkin skulu tryggja að löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki geri allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að við gerð lögboðinnar endurskoðunar hafi fyrirbyggjandi eða mögulegir hagsmuna- eða viðskiptaárekstrar eða önnur bein eða óbein tengsl, sem varða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast endurskoðunina og tengslanetið sem hann tilheyrir, eftir því sem við á, sem og stjórnendur, endurskoðendur, starfsmenn, aðra einstaklinga sem veita þjónustu fyrir eða undir stjórn löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækis eða einhvers aðila, sem hefur bein eða óbein tengsl við löggilta endurskoðandann eða endurskoðunarfyrtækið í krafti yfirráða, ekki áhrif á óhæði hans, hennar eða þess.

Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið skulu ekki annast lögboðna endurskoðun ef einhver hætta er fyrir hendi á að eigin athugun, eigin hagsmunir, hlutdrægni eða þvingun, sem orsakast af fjárhags-, persónu-, viðskipta-, ráðningar- eða öðrum tengslum, sé til staðar milli:

— löggilta endurskoðandans, endurskoðunarfyrtækisins, tengslanetsins sem það tilheyrir og einstaklinga, sem eru í aðstöðu til að hafa áhrif á niðurstöðu lögboðnu endurskoðunarinnar, og

— endurskoðuðu einingarinnar,

sem hlutægur, skynsamur og upplýstur þriðji aðili myndi telja, með tilliti til þeirra verndarráðstafanna sem beitt er, að stofni óhæði löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins í hættu.“

## b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu tryggja að löggiltur endurskoðandi, endurskoðunarfyrtæki, áritunarendurskoðendur þeirra, starfsmenn þeirra og allir aðrir einstaklingar, sem veita þjónustu fyrir eða undir stjórn slíks löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og taka beinan þátt í lögboðinni endurskoðun, sem og aðilar sem eru nátengdir þeim, í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB (\*), eigi ekki eða hafi ekki verulegra og beinna hagsmuna að gæta í eða taki þátt í viðskiptum með nokkurs konar fjármálagerninga, sem eru útgefnir, tryggðir eða studdir með öðrum hætti af einingu, sem verið er að endurskoða á þeirra endurskoðunarviði, að undanskildum óbeinum eignarhlutdeildum í gegnum dreifða sameiginlega fjárfestingarsjóði, þ.m.t. stýrðir sjóðir eins og lífeyrissjóðir eða líftryggingar.

(\*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar viðurkenndar markaðsvenjur, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl, samningu innherjaskráar, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti (Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70).“

## c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingur og fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr., taki ekki þátt í eða hafi að öðru leyti áhrif á niðurstöðu lögboðinnar endurskoðunar sérhverrar tiltekinnar einingar sem er endurskoðuð ef þau:

a) eiga fjármálagerninga í einingunni sem er endurskoðuð, að undanskildum óbeinum eignarhlutdeildum í dreifðum sameiginlegum fjárfestingarsjóðum,

b) eiga fjármálagerninga í einingu, sem tengist endurskoðaðri einingu, og eignarhald í henni getur valdið eða getur almennt talist valda hagsmunaárekstri, að undanskildum óbeinum óbeinar eignarhlutdeildum í dreifðum sameiginlegum fjárfestingarsjóðum,

c) hafa tengst einingunni sem er endurskoðuð í gegnum ráðningu eða viðskipti eða með öðrum hætti innan þess tímabils, sem getið er í 1. mgr., sem getur valdið eða getur almennt talist valda hagsmunaárekstri.“

d) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5. Einstaklingar eða fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr., skulu ekki falast eftir eða þiggja fjárhagslegar eða ófjárhagslegar gjafir eða greiða frá einingunni sem er endurskoðuð eða nokkurri einingu sem tengist endurskoðuðu einingunni nema hlutlægur, skynsamur og upplýstur þriðji aðili myndi telja verðmæti þeirra óverulegt eða léttvægt.

6. Ef eining, sem er endurskoðuð, er keypt, sameinast, eða kaupir aðra einingu á því tímabili sem reikningsskilin taka til, skal löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyirtækið tilgreina og meta núverandi eða nýlega hagsmuni eða sambönd, þ.m.t. þjónustu sem ekki felur í sér endurskoðun sem veitt er þeirri einingu, sem, þegar tekið er tillit til mögulegra verndarráðstafanna, gætu stofnað í hættu óhæði endurskoðandans og möguleikanum á að halda áfram með lögboðnu endurskoðunina að loknum gildistökuþegi samrunans eða kaupanna.

Eins fljótt og auðið er, og í öllu falli innan þriggja mánaða, skal löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyirtækið taka öll slík nauðsynleg skref til að binda endi á hvers kyns hagsmuni eða tengsl, sem fyrir hendi eru sem myndu stefna óhæði þess í hættu, og skal, ef unnt er, gera verndarráðstafanir til að lágmarka ógn við óhæði sitt sem kann að stafa af fyrri og núverandi hagsmunum og tengslum.“

15. Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

**Ráðning eininga sem eru endurskoðaðar af fyrrum löggiltum endurskoðendum eða starfsmönnum löggiltra endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtækja**

1. Aðildarríki skulu tryggja að löggiltur endurskoðandi eða áritunarendurskoðandi, sem annast lögboðna endurskoðun fyrir hönd endurskoðunarfyirtækis, muni ekki fyrr að a.m.k. einu ári liðnu, eða, ef um er að ræða lögboðna endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum, að lágmarki tveimur, frá því að hann eða hún hætti störfum sem löggiltur endurskoðandi eða áritunarendurskoðandi við þetta endurskoðunarverkefni:

- a) taka við lykilstjórnunarstöðu hjá einingunni sem er endurskoðuð,
- b) ef við á, verða nefndarmaður í endurskoðunarnefnd einingarinnar sem er endurskoðuð, eða, ef slík nefnd er ekki til staðar, fulltrúi þess aðila sem sinnir sambærilegum verkum og endurskoðunarnefnd sinnir,
- c) verða stjórnarmaður, sem ekki er framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður, í eftirlitsstjórn einingarinnar sem er endurskoðuð.

2. Aðildarríki skulu tryggja að starfsmenn og meðeigendur aðrir en áritunarendurskoðendur löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtækis, sem annast lögboðna endurskoðun, sem og allir aðrir einstaklingar sem veita þjónustu fyrir eða undir stjórn slíks löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtækis taki ekki að sér, ef slíkir starfsmenn, meðeigendur eða aðrir einstaklingar eru persónulega viðurkenndir sem löggiltir endurskoðendur, neinar þær skyldur, sem um getur í a-, b- og c- lið 1. mgr., fyrr en a.m.k. eitt ár er liðið frá því að hann eða hún tók með beinum hætti þátt í endurskoðunarverkefninu.“

16. Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. b

**Undirbúningur fyrir lögboðna endurskoðun og mat á ógnunum við óhæði**

Aðildarríki skulu tryggja að áður en löggiltur endurskoðandi endurskoðunarfyirtæki samþykkir eða heldur áfram með verkefni við lögboðna endurskoðun sé eftirfarandi metið og skráð:

- hvort hann, hún eða það uppfylli kröfur skv. 22. gr. þessarar tilskipunar,
- hvort fyrir hendi sé eitthvað sem ógnar óhæði hans, hennar eða þess og hvaða verndarráðstöfunum er beitt til að draga úr þeirri ógn,

- hvort hann, hún eða það hafi yfir að ráða hæfu starfsfólki, tíma og úrræðum sem til þarf til að annast lögboðna endurskoðun með viðeigandi hætti,
- hvort, ef um er að ræða endurskoðunarfyrtæki, áritunarendurskoðandinn sé viðurkenndur sem löggiltur endurskoðandi í aðildarríkinu sem fer fram á lögboðna endurskoðun.

Aðildarríki geta mælt fyrir um einfaldaðar kröfur fyrir endurskoðanirnar sem um getur í b- og c-lið 1. liðar 2. gr.“

17. Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Reglur um trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu í tengslum við löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki skulu ekki koma í veg fyrir að ákvæðum þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 sé framfylgt.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki kemur í stað annars löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis skal fyrri löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið veita hinum nýja löggilta endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta um fyrirtækið sem endurskoðað er og nýjustu endurskoðun þeirrar einingar.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki annast lögboðna endurskoðun fyrirtækis, sem er hluti af samstæðu, og móðurfélagið er staðsett í þriðja landi skal þagnarskyldan og reglurnar um trúnað, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ekki hindra löggilta endurskoðandann eða endurskoðunarfyrtækið í að flytja viðkomandi skjöl sem varða endurskoðunarvinnuna til endurskoðanda samstæðunnar, sem staðsettur er í þriðja landi, ef slík skjöl eru nauðsynleg til fyrir framkvæmd endurskoðunar samstæðureikningsskila móðurfélagsins..“

Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun fyrirtækis sem hefur gefið út verðbréf í þriðja landi eða er hluti af samstæðu sem gefur út samstæðureikningsskil í þriðja landi, getur einungis flutt vinnuskjöl vegna endurskoðunar eða önnur skjöl í vörslum hans, hennar eða þess, sem varða endurskoðun þeirrar einingar, sem hann, hún eða það hefur undir höndum, til lögbærra yfirvalda í viðkomandi þriðju löndum og samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 47. gr.

Sending upplýsinga til endurskoðanda samstæðunnar, sem staðsettur er í þriðja landi, skal vera í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB og gildandi landsbundnar reglur um persónuupplýsingavernd.“

18. Eftirfarandi grein bætist við:

„24. gr. a

**Innra skipulag löggiltra endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækja**

1. Aðildarríki skulu tryggja að löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki fari að eftirfarandi skipulagskröfum:

- a) endurskoðunarfyrtæki skal koma á viðeigandi stefnu og verklagsreglum til að tryggja að eigendur eða hluthafar þess, sem og stjórnarmenn í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn fyrirtækisins eða eignatengds fyrirtækis blandi sér ekki í framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á nokkurn þann hátt að það stofni í hættu óhæði og hlutlægni löggilta endurskoðandans sem annast lögboðna endurskoðunina fyrir hönd endurskoðunarfyrtækisins,
- b) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skulu hafa traustar aðferðir fyrir stjórnun og bókhald, kerfi fyrir innri gæðarýni, skilvirkar verklagsreglur fyrir áhættumat og skilvirkt eftirlits- og öryggisfyrirkomulag fyrir upplýsingavinnsluferfi.

Þessi kerfi fyrir innri gæðarýni skulu hönnuð þannig að þau tryggi að öllum ákvörðunum og verklagsreglum sé fylgt á öllum stigum í endurskoðunarfyrtækinu eða starfsfyrirkomulagi hjá löggilta endurskoðandanum,

- c) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal koma á viðeigandi stefnu og verklagsreglum til að tryggja að starfsfólk hans, hennar eða þess eða sérhver annar einstaklingur sem veitir þjónustu sem hann, hún eða það getur nýtt sér eða er undir stjórn hans, hennar eða þess og sem taka beinan þátt í lögboðinni endurskoðun, hafi viðeigandi þekkingu og reynslu til að sinna úthlutuðum verkefnum,
- d) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal koma á viðeigandi stefnu og verklagsreglum til að tryggja að útvistun mikilvægra endurskoðunarsviða sé ekki framkvæmd með þeim hætti að það komi niður á gæðum innri gæðarýni löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyritækisins og getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með því að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið fari að kröfunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, og, þar sem við á, reglugerð (ESB) nr. 537/2014,
- e) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal koma á viðeigandi og skilvirku skipulags- og stjórnunarfyrikomulagi til að koma í veg fyrir, greina, afstýra eða stjórna og upplýsa um hvers konar atriði sem ógna óhæði þeirra samanber ákvæði 22. gr., 22. gr. a og 22. gr. b,
- f) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal koma á viðeigandi stefnu og verklagsreglum um framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar, þjálfunar, eftirlits og yfirferðar yfir athafnir starfsfólks og um hvernig endurskoðunarskjalið, sem um getur í 5. mgr. 24. gr. b, er gert og skipulagt,
- g) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal koma á kerfi fyrir innri gæðarýni til að tryggja gæði lögboðnu endurskoðunarinnar.

Kerfi fyrir gæðarýni skal a.m.k. taka til stefnu og verklagsreglna sem lýst er í f-lið. Ef um er að ræða endurskoðunarfyritæki skal einstaklingur sem hefur hæfi til að vera löggiltur endurskoðandi bera ábyrgð á kerfi fyrir innri gæðarýni,

- h) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal nota viðeigandi kerfi, tilföng og verklagsreglur til að tryggja samfellu og reglufestu við framkvæmd endurskoðunarstarfa sinna,
- i) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal einnig koma á viðeigandi og skilvirku skipulags- og stjórnunarfyrikomulagi til þess að taka á atvikum og skrá sem hafa, eða geta haft, alvarlegar afleiðingar að því er varðar heilindi í endurskoðunarstarfi hans, hennar eða þess,
- j) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal hafa til staðar viðeigandi kjarastefnu, ágóðaskiptingastefnu, sem veitir næga árangurshvatningu til að tryggja gæði í endurskoðun. Einkum skulu þær tekjur sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið hefur af því að veita endurskoðuð einingunni þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, ekki vera hluti af frammistöðumati og endurgjaldi neins sem tekur þátt í, eða getur haft áhrif á, framkvæmd endurskoðunarinnar,
- k) löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal vakta og meta hvort kerfi hans, hennar eða þess, aðferðir við innri gæðarýni og fyrirkomulag, sem komið er á í samræmi við þessa tilskipun og, þar sem við á, reglugerð (ESB) nr. 537/2014 séu fullnægjandi og skilvirk og grípa til viðeigandi ráðstafana til að taka á hvers kyns annmörkum. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal einkum framkvæma árlegt mat á kerfinu fyrir innri gæðarýni sem um getur í g-lið. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal halda skrá yfir niðurstöður þessa mats og fyrirhugaðar ráðstafanir til að breyta kerfinu fyrir innri gæðarýni.

Skjalgesta skal og miðla stefnunni og verklagsreglunum, sem um getur í 1. undirgrein, til starfsmanna löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyritækisins.

Aðildarríki geta sett einfaldaðar kröfur um endurskoðanirnar sem um getur í b- og c-lið 1. liðar 2. gr.

Útvistun endurskoðunarsviða, eins og um getur í d-lið þessarar málsgreinar, skal ekki hafa áhrif á ábyrgð löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis gagnvart einingunni sem er endurskoðuð.

2. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal taka tillit til umfangs og flækjustigs í starfsemi sinni þegar farið er að kröfunum sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar.

Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal geta sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á það að stefna og verklagsreglur, sem mótuð eru til að farið sé að slíkum kröfum, séu hæfilegar miðað við umfang og flækjustig í störfum löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyritækisins.“

19. Eftirfarandi grein bætist við:

„24 gr. b

#### **Skipulag vinnunnar**

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar endurskoðunarfyritæki annast lögboðna endurskoðun, tilnefni þetta endurskoðunarfyritæki a.m.k. einn áritunarendurskoðanda. Endurskoðunarfyritækið skal útvega áritunarendurskoðandanum (-skoðendunum) nægileg tilföng og starfsfólk sem hefur þá hæfni og getu sem til þarf til að sinna skyldum sínum með fullnægjandi hætti.

Að tryggja gæði endurskoðunar, óhæði og hæfni skal vera aðalviðmiðunin þegar endurskoðunarfyritæki velur hvaða áritunarendurskoðanda (-skoðendur) á að tilnefna.

Áritunarendurskoðandi (-skoðendur) skulu taka virkan þátt í að sinna lögboðnu endurskoðuninni.

2. Í starfi sínu við lögboðna endurskoðun skal löggiltur endurskoðandi verja nægilegum tíma í verkefnið og úthluta nægilegum tilföngum til að gera honum eða henni kleift að sinna skyldum sínum með fullnægjandi hætti.

3. Aðildarríki skulu tryggja að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið haldi skrá yfir brot á ákvæðum þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 þar sem við á. Aðildarríki geta undanþegið löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki frá þessari skyldu að því er varðar minniháttar brot. Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki skulu einnig halda skrá yfir afleiðingar brota, þ.m.t. ráðstafanir sem gripið er til, til að bregðast við slíkum brotum og til að breyta kerfi sínu fyrir innri gæðarárni. Þeir skulu vinna ársskýrslu, sem inniheldur yfirlit yfir allar slíkar ráðstafanir sem gripið er til, og skulu miðla þeirri skýrslu innanhúss.

Ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki leitar ráðgjafar hjá utanaðkomandi sérfræðingum skal hann, hún eða það skrá niður beiðnina og ráðgjöfina sem fengin var.

4. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal halda skrá yfir viðskiptareikninga. Slík skrá skal hafa að geyma eftirfarandi gögn fyrir hvern viðskiptavin sem er endurskoðaður:

- a) nafn, heimilisfang og starfsstöð,
- b) ef um er að ræða endurskoðunarfyritæki, (nöfn) áritunarendurskoðanda (-skoðenda),
- c) þóknun fyrir lögboðnu endurskoðunina og þóknun fyrir aðra þjónustu á hvaða fjárhagsári sem er.

5. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal búa til endurskoðunarskjal fyrir sérhverja lögboðna endurskoðun.

Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið skal skrá a.m.k. þau gögn, sem eru skráð skv. 1. mgr. 22. gr. b þessarar tilskipunar, og, þar sem við á, 6. og 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014.

Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið skal halda eftir öllum öðrum gögnum og skjölum, sem skipta máli til stuðnings árituninni, sem um getur í 28. gr. þessarar tilskipunar, og, þar sem við á, 10. og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 og til að fylgjast með að farið sé að þessari tilskipun og öðrum gildandi lagaskilyrðum.

Loka skal endurskoðunarskránni eigi síðar en 60 dögum eftir undirritun áritunar endurskoðanda, sem um getur í 28. gr. þessarar tilskipunar, og, þar sem við á, 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014.

6. Löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið skal halda skrá yfir skriflegar kvartanir um framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar.

7. Aðildarríki geta mælt fyrir um einfaldaðar kröfur að því er varðar 3. og 6. mgr. fyrir endurskoðanirnar sem um getur í b- og c-liðum 1. liðar 2. gr.“

20. Eftirfarandi grein bætist við:

„25 gr. a

#### **Umfang lögboðinnar endurskoðunar**

Með fyrirvara um skýrslugjafarkröfurnar, sem um getur í 28. gr. þessarar tilskipunar, og, þar sem við á, 10. og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, skal umfang lögboðinnar endurskoðunar ekki ná til þess að staðfesta framtíðar lífvænleika einingarinnar sem er endurskoðuð eða skilvirkni eða árangur af meðferð stjórnar eða framkvæmdastjórnar á málefnum einingarinnar eða hvernig hún mun fara með þau í framtíðinni.“

21. Í stað 26. gr. komi eftirfarandi:

„26. gr.

#### **Endurskoðunarstaðlar**

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki annist lögboðna endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 3. mgr.

Aðildarríkjunum er heimilt að beita innlendum endurskoðunarstöðlum, verklagsreglum eða kröfum svo fremi að framkvæmdastjórnin hafi ekki samþykkt alþjóðlegan endurskoðunarstaðal sem nær yfir sama efni.

2. Að því er varðar 1. mgr. merkir „alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar“ alþjóðlegir staðlar um endurskoðun, alþjóðlegur staðall um gæðarýni og aðrir tengdir staðlar sem alþjóðleg samtök endurskoðenda gefa út í gegnum alþjóðaráð staðlagerðar um endurskoðun og staðfestingarverkefni, að svo miklu leyti sem þeir tengjast lögboðinni endurskoðun.

3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 48. gr. a, alþjóðlega endurskoðunarstaðla, sem um getur í 1. mgr., um endurskoðunarvenjur, óhæði og innri gæðarýni löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja í þeim tilgangi beita umræddum stöðlum innan Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin getur því aðeins samþykkt alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana að þeir:

- a) hafi verið þróaðir eftir réttu og tilhlýðilegu ferli, opinberu eftirliti og gagnsæi og séu almennt viðurkenndir á alþjóðavísu,
- b) stuðli að fyllsta trúverðugleika og gæðum á árlegum reikningsskilum eða samstæðureikningsskilum í samræmi við meginreglurnar, sem eru settar fram í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2013/34/EB,
- c) þjóni hagsmunum almennings í Sambandinu og
- d) breyti engum af kröfum þessarar tilskipunar eða bæti við einhverja af kröfum hennar, fyrir utan þær sem settar eru fram í IV. kafla og 27. og 28. gr.

4. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríkin sett verklagsreglur um endurskoðun eða kröfur til viðbótar alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir, því aðeins

- a) að þessar endurskoðunarverklagsreglur eða -kröfur séu nauðsynlegar til þess að koma í framkvæmd landsbundnum lagaskilyrðum sem varða umfang lögboðinnar endurskoðunar eða
- b) að þær efli trúverðugleika og gæði reikningsskila að því marki sem nauðsynlegt þykir.

Aðildarríki skulu senda endurskoðunarverklagsreglurnar eða -kröfurnar til framkvæmdastjórnarinnar a.m.k. þremur mánuðum áður en þær ganga í gildi eða, ef um er að ræða kröfur sem þegar eru í gildi á þeim tíma þegar alþjóðlegur endurskoðunarstaðall er samþykktur, eigi síðar en þremur mánuðum frá samþykkt viðkomandi alþjóðlegs endurskoðunarstaðals.

5. Þegar aðildarríki gerir kröfu um lögboðna endurskoðun lítilla fyrirtækja má það kveða á um að beiting endurskoðunarstaðalsins, sem um getur í 1. mgr., sé í hlutfalli við umfang og flækjustig í starfsemi slíks fyrirtækis. Aðildarríki mega grípa til aðgerða til þess að tryggja að meðalhófs sé gætt í beitingu endurskoðunarstaðla að því er varðar endurskoðun lítilla fyrirtækja.“

22. Í stað 27. gr. komi eftirfarandi:

„27. gr.

#### Lögboðin endurskoðun samstæðureikningsskila

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar um er að ræða lögboðna endurskoðun samstæðureikningsskila fyrir fyrirtækja-samstæðu:

- a) að því er varðar samstæðureikningsskil beri endurskoðandi samstæðunnar fulla ábyrgð á þeirri áritun endurskoðanda, sem um getur í 28. gr. þessarar tilskipunar, og þegar við á, 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, og, eftir atvikum, viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndarinnar, sem um getur í 11. gr. þeirrar reglugerðar,
- b) meti endurskoðandi samstæðunnar endurskoðunarvinnuna, sem endurskoðandi eða endurskoðendur í þriðja landi eða löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) og endurskoðunareining (-einingar) ar í þriðju löndum eða endurskoðunar-fyrirtæki innir (inna) af hendi í þágu endurskoðunar samstæðu, og skjalfesti eðli, tímasetningu og umfang vinnunnar sem þessir endurskoðendur inna af hendi, þ.m.t., eftir því sem við á, skoðun endurskoðanda samstæðunnar á viðkomandi hlutum endurskoðunargagna þessa endurskoðenda,
- c) kanni endurskoðandi samstæðunnar endurskoðunarvinnu, sem endurskoðandi (endurskoðendur) frá þriðja landi eða löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur), endurskoðunareining (-einingar) eða endurskoðunarfyrirtæki frá þriðja landi innir/inna af hendi að því er varðar endurskoðun samstæðunnar og skjalfesti hana.

Skjalasafnið sem endurskoðandi samstæðunnar heldur utan um skal vera þannig að viðkomandi lögbæru yfirvaldi sé kleift að skoða vinnu endurskoðanda samstæðunnar.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal endurskoðandi samstæðunnar óska eftir samþykki viðkomandi endurskoðanda (endurskoðenda) frá þriðju löndum, löggilts endurskoðanda (endurskoðenda), endurskoðun-areiningar (-eininga) eða endurskoðunarfyrirtækis eða (-fyrirtækja) frá þriðju löndum til að senda viðkomandi skjöl meðan endurskoðun samstæðureikningsskila stendur yfir, sem skilyrði fyrir því að endurskoðandi samstæðunnar geti byggt á vinnu umrædds endurskoðanda (endurskoðenda) frá þriðju löndum, löggilts endurskoðanda (endurskoðenda), endur-koðunareiningar eða (-eininga) eða endurskoðunarfyrirtækis (-fyrirtækja) frá þriðju löndum.

2. Ef endurskoðanda samstæðu er ekki unnt að fara að c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal hann, hún eða það grípa til viðeigandi ráðstafana og upplýsa viðkomandi lögbært yfirvald.

Slíkar ráðstafanir skulu, eftir því sem við á, taka til þess að sinna frekari lögboðinni endurskoðunarvinnu í dótturfélaginu, sem um ræðir, annað hvort beint eða með því að útvísta slíkum verkefnum.

3. Ef endurskoðandi samstæðu sætir gæðatryggingarrýni eða rannsókn varðandi lögboðna endurskoðun samstæðu-reikningsskila samstæðu skal endurskoðandi samstæðunnar, þegar þess er óskað, veita lögbærum yfirvöldum aðgang að viðkomandi skjölum sem hann, hún eða það heldur utan um varðandi endurskoðunarvinnu af hálfu viðkomandi endurskoðanda (endurskoðenda) frá þriðja landi, löggilts endurskoðanda (endurskoðenda), endurskoðunareiningar (-eininga) eða endurskoðunarfyrirtækis (-fyrirtækja) frá þriðja landi í þágu endurskoðunar samstæðunnar, þ.m.t. öll vinnuskjöl sem tengjast endurskoðun samstæðunnar.

Samkvæmt 36. gr. getur lögbæra yfirvaldið óskað eftir viðbótarskjölum, sem varða endurskoðunarvinnu sérhvers löggilts endurskoðanda (endurskoðenda) eða endurskoðunarfyrirtækis (-fyrirtækja) vegna endurskoðunar samstæðu, frá viðkomandi lögbærum yfirvöldum.

Ef endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunareining (-einingar) frá þriðja landi endurskoða móðurfélög eða dótturfélög fyrirtækjasamstæðu getur lögbæra yfirvaldið óskað eftir viðbótarskjölum frá viðkomandi lögbærum yfirvöldum í þriðju löndum um endurskoðunarvinnu af hálfu endurskoðanda (endurskoðenda) eða endurskoðunareiningar (-eininga) frá þriðju löndum á grundvelli vinnufyrirkomulagsins sem um getur í 47. gr.

Þrátt fyrir þriðju undirgrein skal endurskoðandi samstæðunnar, í þeim tilvikum sem móðurfélag eða dótturfélag í fyrirtækjasamstæðu er endurskoðað af endurskoðanda (endurskoðendum) eða endurskoðunareiningu (-einingum) frá þriðja landi og ekki er fyrir hendi vinnufyrirkomulag, eins og um getur í 47. gr., einnig bera ábyrgð á því að tryggja rétta afhendingu viðbótargagna um endurskoðunarvinnu þessa endurskoðanda (endurskoðenda) eða þessarar endurskoðunareiningar (-eininga) frá þriðja landi, sé þess krafist, þ.m.t. vinnuskjöl sem snerta endurskoðun samstæðunnar. Til að tryggja umrædda afhendingu skal endurskoðandi samstæðunnar halda eftir afriti þessum gögnum eða hann getur þess í stað samið við endurskoðanda (endurskoðendur) eða endurskoðunareiningu (-einingar) frá þriðja landi um þau fái ótakmarkaðan aðgang að þessum skjölum, ef farið er fram á það, eða gera aðrar viðeigandi ráðstafanir. Í þeim tilvikum sem ekki er unnt að senda vinnuskjöl um endurskoðun frá þriðja landi til endurskoðanda samstæðunnar, af lagalegum eða öðrum ástæðum, skulu vera sannanir til staðar í gögnunum sem endurskoðandi samstæðunnar geymir um að hann hafi beitt réttum aðferðum til þess að fá aðgang að endurskoðunargögnum og ef um er að ræða hömlur, sem eru ekki lagalegar og eru til komnar vegna landslaga viðkomandi þriðja lands, skulu einnig vera sannanir um slíkar hömlur.“

23. Í stað 28. gr. komi eftirfarandi:

„28. gr.

#### Áritun endurskoðanda

1. Löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunarfyrirtæki skulu leggja fram niðurstöður lögboðnu endurskoðunarinnar í áritun endurskoðanda. Áritunin skal unnin í samræmi við kröfur varðandi endurskoðunarstaðla sem Sambandið eða hlutaðeigandi aðildarríki hefur samþykkt, eins og um getur í 26. gr.

2. Áritun endurskoðanda skal vera skrifleg og skal:

a) tilgreina þá einingu, sem vinnur árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil sem falla undir lögboðna endurskoðun, greina sérstaklega frá árlegum eða samstæðureikningsskilum og dagsetningu og tímabili sem þau taka til og tilgreina reikningsskilarammann sem beitt var þegar þau voru unnin,

b) hafa að geyma lýsingu á umfangi lögboðinnar endurskoðunar, þar sem fram koma a.m.k. þeir endurskoðunarstaðlar sem notaðir voru við lögboðnu endurskoðunina,

c) hafa að geyma álit endurskoðanda, sem skal vera án fyrirvara, með fyrirvara eða neikvætt, þar sem kemur skýrt fram álit löggilta endurskoðandans (endurskoðendanna) eða endurskoðunarfyrirtækisins (-fyrirtækjanna) að því er varðar:

i. hvort árlegu reikningsskilin gefa glögga mynd í samræmi við viðeigandi reikningsskilaramma og

ii. ef við á, hvort árlegu reikningsskilin uppfylla lögbundnar kröfur.

Ef löggiltum endurskoðanda (endurskoðendum) eða endurskoðunarfyrirtæki (-fyrirtækjum) getur ekki gefið álit skal áritunin vera án álits,

d) skírskota til annarra málefna sem löggilti endurskoðandinn (endurskoðendurnir) eða endurskoðunarfyrirtækið (-fyrirtækin) vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,

e) hafa að geyma álit og yfirlýsingu, sem bæði eru byggð á þeirri vinnu sem innt hefur verið af hendi við endurskoðunina, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

f) gefa yfirlýsingu um alla verulega óvissu sem tengist atburðum eða aðstæðum sem vakið geta miklar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi,

g) tilgreina starfsstöð löggilta endurskoðandans (endurskoðendanna) eða endurskoðunarfyrirtækisins (-fyrirtækjanna).

Aðildarríki geta mælt fyrir um viðbótarkröfur í tengslum við efni áritunar endurskoðanda.

3. Ef fleiri einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki annast lögboðna endurskoðun skal löggilti endurskoðandinn (endurskoðendurnir) eða endurskoðunarfyrirtækið eða (-fyrirtækin) komast að samkomulagi um niðurstöður lögboðnu endurskoðunarinnar og leggja fram sameiginlega áritun og álit. Ef upp kemur ágreiningur skal hver löggiltur endurskoðandi eða hvert endurskoðunarfyrirtæki fyrir sig leggja fram eigið álit í aðskildri efnisgrein í áritun endurskoðanda og greina frá ástæðunni fyrir ágreiningnum.

4. Löggiltur endurskoðandi skal skrifa undir og dagsetja áritun endurskoðanda. Ef endurskoðunarfyrtæki annast lögboðna endurskoðun skal að lágmarki löggilti endurskoðandinn (endurskoðendurnir), sem annast lögboðnu endurskoðunina af hálfu endurskoðunarfyrtækisins, skrifa undir áritun endurskoðanda. Ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafa verið ráðin samtímis skal áritun endurskoðanda undirrituð af öllum löggiltu endurskoðendum eða að lágmarki af þeim löggiltu endurskoðendum sem inna lögboðnu endurskoðunina af hendi fyrir hönd hvers endurskoðunarfyrtækis. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin kveðið á um að ekki sé nauðsynlegt að slík undirskrift sé gerð opinber almenningi ef slíkar upplýsingar gætu haft í för með sér yfirvofandi og verulega ógnun gagnvart persónulegu öryggi einstaklingsins.

Viðkomandi lögbærum yfirvöldum skal í öllum tilvikum vera kunnugt um nafn eða nöfn þess einstaklings (einstaklinga sem um er að ræða.

5. Áritun löggilta endurskoðandans eða endurskoðanaufyrtækisins varðandi samstæðureikningsskilin skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1.-4. mgr. Í áritun löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis vegna samræmis í skýrslu framkvæmdastjórnar og reikningsskilum, eins og krafist er í e-lið 2. mgr., skal hann eða það byggja á samstæðureikningsskilum og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar. Ef árleg reikningsskil móðurfélagsins fylgja með samstæðureikningsskilunum má sameina áritanir löggiltu endurskoðandanna eða endurskoðunarfyrtækjanna sem krafist er í þessari grein.“

24. Ákvæðum 29. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) gæðatryggingarkerfið skal þannig uppbyggt að það sé óháð löggiltu endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjunum sem sæta skoðun og það sé háð opinberu eftirliti.“

ii. Eftirfarandi komi í stað h-liðar:

„h) gæðatryggingarrýni skal fara fram á grundvelli greiningar á áhættu og á a.m.k. sex ára fresti ef um er að ræða löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki sem annast lögboðna endurskoðun, eins og skilgreint er í a-lið 1. liðar 2. gr.,“.

iii. Eftirfarandi liður bætist við:

„k) gæðatryggingarrýni skal vera fullnægjandi og meðalhófs gætt með hliðsjón af umfangi og flækjustigi í starfsemi löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins sem sætir rýni.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Að því er varðar e-lið 1. mgr. skal a.m.k. ein af eftirfarandi viðmiðunum gilda um val á rýnum:

a) rýnar skulu hafa viðeigandi menntun í faginu og viðeigandi reynslu í lögboðinni endurskoðun og reikningsskilum og sérstaka þjálfun í gæðatryggingarrýni,

b) einstaklingi skal ekki heimilt að starfa sem rýnir í gæðatryggingarrýni með löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki fyrr en að lágmarki að liðnum þremur árum frá því að þessi einstaklingur hætti sem meðeigandi eða starfsmaður eða öðrum tengslum við umræddan löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki lauk,

c) rýnar skulu lýsa því yfir að ekki sé að vænta neinna hagsmunaaðrekstra milli þeirra og löggilta endurskoðandans og endurskoðunarfyrtækisins sem sætir skoðun.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Að því er varðar k-lið 1. mgr. skulu aðildarríkin gera þá kröfu til lögbærra yfirvalda að við framkvæmd gæðatryggingarrýni með lögboðnum endurskoðunum árlegra reikningsskila eða samstæðureikningsskila lítilla og meðalstórra fyrirtækja taki þau tillit til þeirrar staðreyndar að endurskoðunarstaðlarnir, sem samþykktir eru í samræmi við 26. gr., eru hannaðir þannig að þeim sé beitt í hlutfalli við umfang og flækjustig í starfsemi einingarinnar sem er endurskoðuð.“

25. Í stað VII. kafla komi eftirfarandi:

„VII. KAFLI

#### **RANNSÓKNIR OG VIÐURLÖG**

30. gr.

##### **Rannsóknar- og viðurlagakerfi**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hendi séu skilvirk rannsóknar- og viðurlagakerfi til að finna, leiðrétta og koma í veg fyrir ófullnægjandi framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar.

2. Með fyrirvara um fyrirkomulag einkaréttarlegrar ábyrgðar í aðildarríkjunum skulu aðildarríkin kveða á um skilvirk og letjandi viðurlög í réttu hlutfalli við brotið að því er varðar löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ef lögboðin endurskoðun fer ekki fram í samræmi við ákvæðin sem samþykkt eru með framkvæmd þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, reglugerðar (ESB) nr. 537/2014.

Aðildarríki geta ákveðið að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnarsýsluviðurlög við brotum sem þegar varða við landsbundin hegningarlög. Þegar svo háttar til skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi hegningarlagaákvæði.

3. Aðildarríki skulu kveða á um að almenningur sé upplýstur með viðeigandi hætti um ráðstafanir sem gerðar eru og viðurlög sem beitt er gagnvart löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum. Viðurlög skulu fela í sér möguleika á afturköllun viðurkenningar. Aðildarríki geta ákveðið að slík upplýsingagjöf skuli ekki hafa að geyma persónuupplýsingar í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

4. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 17. júní 2016, tilkynna framkvæmdastjórninni um reglurnar sem um getur í 2. mgr. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um hvers konar síðari breytingar á reglunum.

30. gr. a

##### **Heimildir til að beita viðurlögum**

1. Aðildarríki skulu kveða á um að lögbær yfirvöld hafi vald til að grípa til og/eða beita a.m.k. eftirfarandi stjórnarsýsluráðstöfunum og -viðurlögum við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, reglugerðar (ESB) nr. 537/2014:

- a) tilkynning þar sem einstaklingnum eða lögaðilanum, sem ber ábyrgð á brotinu, er gert að hætta framferðinu og endurtaka ekki framferðið,
- b) opinber yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða einstaklingur ber ábyrgð á brotinu og eðli þess, sem birt er á vefsíðu lögbæra yfirvaldsins,
- c) tímabundið bann til allt að þriggja ára við því að löggilti endurskoðandinn, endurskoðunarfyrtækið eða áritunar-endurskoðandinn annist lögboðna endurskoðun og/eða undirriti áritun endurskoðanda,
- d) yfirlýsing um að áritun endurskoðanda uppfylli ekki þær kröfur, sem kveðið er á um í 28. gr. þessarar tilskipunar, eða, eftir atvikum, í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014,
- e) tímabundið bann til allt að þriggja ára sem bannar aðila að endurskoðunarfyrtæki eða fulltrúa í stjórn eða framkvæmdastjórn einingar sem tengist almannahagsmunum að sinna verkefnum í endurskoðunarfyrtækjum eða einingum tengdum almannahagsmunum,
- f) setning fjárhagslegra stjórnarsýsluviðurlaga á einstaklinga og lögaðila.

2. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld geti beitt refsheimildum sínum í samræmi við þessa tilskipun og landslög og á sérhvern eftirfarandi hátt:

- a) beint,
- b) í samstarfi við önnur yfirvöld,
- c) með því að leita til lögbærra dómsyfivalda.

3. Aðildarríki geta falið lögbærum yfirvöldum aðrar refsheimildir til viðbótar þeim sem um getur í 1. mgr.
4. Þrátt fyrir 1. mgr. mega aðildarríki fela yfirvöldum, sem hafa eftirlit með einingum tengdum almannahagsmunum, séu þau ekki tilnefnd sem lögbæra yfirvaldið, skv. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, vald til að beita viðurlögum vegna brota á tilkynningarskyldum sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

30. gr. b

#### Skilvirk beiting viðurlaga

Þegar reglur eru settar skv. 30. gr. skulu aðildarríki gera kröfu um að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna við ákvörðun á tegund og umfangi stjórnsluviðurlaga og -ráðstafana, þ.m.t. eftir því sem við á:

- a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,
- b) hversu mikil ábyrgð liggur hjá ábyrgðaraðilanum,
- c) fjárhagslegs styrks ábyrgðaraðilans, t.d. eins og fram kemur í heildarveltu fyrirtækisins sem ber ábyrgð eða árstekjum ábyrgðaraðilans, ef sá aðili er einstaklingur,
- d) fjárhæðar hagnaðar hjá ábyrgðaraðilanum eða tapsins sem hann kemst hjá, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,
- e) hversu umfangsmikið samstarf ábyrgðaraðilans við lögbæra yfirvaldið er,
- f) fyrri brota ábyrgðaraðilans, þ.e. lögaðila eða einstaklings.

Lögbæra yfirvaldið má taka tillit til viðbótarþátta ef slíkir þættir eru tilgreindir í landslögum.

30. gr. c

#### Birting viðurlaga og ráðstafanir

1. Lögbær yfirvöld skulu að lágmarki birta á opinberu vefsetri sínu öll stjórnsluviðurlög, sem lögð eru við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, í málum þar sem allur málskotsréttur hefur verið nýttur eða hann hefur runnið út, eins fljótt og framast er unnt, strax í kjölfar þess að sá aðili sem hefur hlotið viðurlögin hefur verið upplýstur um þá ákvörðun, þ.m.t. upplýsingar um tegund og eðli brotsins og deili á einstaklingnum eða lögaðilanum sem sætir viðurlögum.

Ef aðildarríki leyfa birtingu viðurlaga sem sæta málskoti skulu lögbær yfirvöld, eins fljótt og framast er unnt, einnig birta á opinberu vefsetri sínu upplýsingar um stöðu og niðurstöðu allra málskota.

2. Lögbær yfirvöld skulu birta viðurlögin sem beitt er undir nafnleynd og með þeim hætti er samræmist landslögum þegar aðstæður eru með eftirfarandi hætti:

- a) ef sýnt er fram á með skyldubundnu fyrirframmati á því hvort meðalhófs sé gætt við slíka birtingu að birting persónuupplýsinga er ekki vera í réttu hlutfalli við brotið,
- b) ef birtingin myndi stofna stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi sakamálarannsókn í hættu,
- c) ef birting myndi valda stofnunum eða einstaklingunum sem í hlut eiga hlutfallslega of miklu tjóni.

3. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að meðalhófs sé gætt í hversu lengi birting varir, í samræmi við 1. mgr., og að hún fyrirfinnist áfram á opinberri heimasíðu þeirra í a.m.k. fimm ár eftir að allur málskotsréttur hefur verið nýttur eða hann hefur runnið út.

Við birtingu viðurlaga og ráðstafana og allra opinberra yfirlýsinga skal virða grundvallarréttindi, eins og mælt er fyrir um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og rétt til verndar persónuupplýsinga. Aðildarríki geta ákveðið að slík birting eða opinber yfirlýsing skuli ekki hafa að geyma persónuupplýsingar í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

30 gr. d

#### Málskot

Aðildarríki skulu sjá til þess að unnt sé að kæra til dómstóla allar ákvarðanir lögbæra yfirvaldsins samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 537/2014.

30. gr. e

#### Tilkynningar um brot

1. Aðildarríkin skulu tryggja að komið sé á skilvirkum aðferðum til að hvetja til þess að lögbærum yfirvöldum sé greint frá brotum á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 537/2014.

2. Aðferðirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu að lágmarki fela í sér:

- a) sérstakrar málsmeðferðar fyrir viðtöku tilkynninga um brot og eftirfylgni þeirra,
- b) vernd persónuupplýsinga, sem nær bæði til þess sem tilkynnir um grunað eða eiginlegt brot og þess sem er grunaður um að fremja, eða hefur framið meint brot, í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB,
- c) viðeigandi málsmeðferð til þess að tryggja rétt þess sem borinn er sökum til málsvarnar og flytja mál sitt áður en tekin er ákvörðun sem varðar hann eða hana, og rétt til að leita raunhæfs úrræðis fyrir dómstól gegn ákvörðun eða ráðstöfun sem varðar hann eða hana.

3. Aðildarríki skulu tryggja að endurskoðunarfyrtæki komi á fót viðeigandi málsmeðferð fyrir starfsmenn sína til að tilkynna um möguleg og eiginleg brot á þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 537/2014 innbyrðis með sérstökum leiðum.

30. gr. f

#### Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld skulu árlega veita samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila heildarupplýsingar sem varða allar stjórnisýslulegar ráðstafanir og öll viðurlög sem lögð voru á í samræmi við ákvæði þessa kafla. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal birta þessar upplýsingar í ársskýrslu sinni.

2. Lögbær yfirvöld skulu þegar í stað tilkynna samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila um öll tímabundin bönn sem um getur í c- og e-lið 1. mgr. 30. gr. a.“

26. Ákvæðum 32. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu skipuleggja skilvirkt kerfi fyrir opinbert eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum á grundvelli meginreglnanna, sem settar eru fram í 2. -til 7. mgr., og skulu tilnefna lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á slíku eftirliti.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbæra yfirvaldinu skal stjórnað af endurskoðendum, sem ekki eru starfandi sem endurskoðendur, og hafa þekkingu til að bera á sviðum sem tengjast lögboðinni endurskoðun. Þeir skulu valdir samkvæmt óháðri og gagnsæri tilnefningaraðferð.“

Lögbært yfirvald getur ráðið starfandi endurskoðendur til að sinna sérstökum verkefnum og getur einnig þegið aðstoð sérfræðinga ef krefjandi nauðsyn ber til svo að það geti lokið verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Í slíkum tilvikum skulu hvorki starfandi endurskoðendur né sérfræðingarnir koma að ákvörðunartöku lögbæra yfirvaldsins.“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Lögbæra yfirvaldið skal bera endanlega ábyrgð á eftirliti með:

- a) viðurkenningu og skráningu á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum,
- b) samþykkt staðla um siðareglur starfsgreinarinnar, innri gæðaryni endurskoðunarfyrtækja og endurskoðun, nema í þeim tilvikum sem þessir staðlar eru samþykktir eða viðurkenndir af öðrum yfirvöldum aðildarríkis,
- c) símenntun,
- d) gæðatryggingarkerfi,
- e) rannsóknar- og stjórnsýsluviðurlagakerfum.“

d) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4a. Aðildarríki skulu tilnefna eitt lögbært yfirvald eða fleiri til að sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Aðildarríki skulu aðeins tilnefna eitt lögbært yfirvald, sem ber endanlega ábyrgð á þeim verkefnum, sem um getur í þessari grein, nema að því er varðar lögboðna endurskoðun á samvinnufélögum, sparisjóðum eða svipuðum einingum, eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE, eða dótturfélögum eða löglegum arftökum samvinnufélaga, sparisjóða eða svipaðra eininga eins og um getur í 45. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu sína.

Lögbær yfirvöld skulu skipulögð þannig að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

4b. Aðildarríki geta falið eða heimilað lögbæru yfirvaldi að fela verkefni sín öðrum yfirvöldum eða aðilum sem tilnefndir eru eða er heimilað á annan hátt að lögum að sinna slíkum verkefnum.

Við úthlutunina skal tilgreina verkefni sem úthlutað er og skilyrðin sem gilda um hvernig þau skulu innt af hendi. Yfirvöldin eða aðilarnir skulu þannig uppbyggð að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Ef lögbært yfirvald úthlutar öðrum yfirvöldum eða aðilum verkefnum skal því vera unnt að endurheimta þessar framseldu heimildir í hverju og einu tilviki.“

e) Í stað 5.-7. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Starfsmenn lögbæra yfirvaldsins skulu hafa rétt á því, ef þörf krefur, að hefja og stýra rannsóknum í tengslum við löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni og rétt til að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ef lögbært yfirvald ræður sérfræðinga til að sinna tilteknum verkefnum skal það tryggja að ekki sé fyrir hendi hagsmunaárekstur milli þessa sérfræðinga og löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækisins sem í hlut á. Slíkir sérfræðingar skulu uppfylla sömu kröfur og þær sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 29. gr.

Fela skal lögbæra yfirvaldinu nauðsynleg völd til þess að gera því kleift að sinna verkefnum sínum og ábyrgðum samkvæmt þessari tilskipun.

6. Hið lögbæra yfirvald skal vera gagnsætt. Það felur m.a. í sér birtingu á árlegum vinnuáætlunum og skýrslum um starfsemi.

7. Opinbera eftirlitskerfið skal vera nægilega vel fjármagnað og skal hafa yfir að ráða nægilegum tilföngum til að hefja og framkvæma rannsóknir eins og um getur í 5. mgr. Fjármögnun opinbera eftirlitskerfisins skal vera tryggð og óháð hvers konar mögulegum ótilhlýðilegum áhrifum frá löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum.“

27. Ákvæðum 34. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr.:

„Með fyrirvara um fyrstu undirgrein skulu endurskoðunarfyritæki, sem viðurkennd eru í einu aðildarríki og veita endurskoðunarþjónustu í öðru aðildarríki skv. 3. gr. a, seta gæðatryggingarrýni í heimaaðildarríkinu og eftirliti í gístaðildarríkinu að því er varðar sérhverja endurskoðun sem framkvæmd er þar.“

b) Í stað 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þegar um er að ræða lögboðna endurskoðun samstæðureikningsskila getur aðildarríkið, sem krefst þessarar lögboðna endurskoðunar, ekki gert viðbótarkröfur í tengslum við lögboðna endurskoðunina að því er varðar skráningu, gæðatryggingarrýni, endurskoðunarstaðla, siðareglur starfsgreinar og óhæði löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis, sem annast lögboðna endurskoðun dótturfélags, sem er stofnað í öðru aðildarríki.

3. Þegar um er að ræða félag, sem er með verðbréf sín skráð á skipulegan markað í öðru aðildarríki en því þar sem félagið er með skráða skrifstofu, getur aðildarríkið þar sem viðskipti fara fram með verðbréfin ekki gert neinar viðbótarkröfur gagnvart löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyritækinu, sem annast lögboðna endurskoðun árlegra reikningsskila eða samstæðureikningsskila þess félags, í tengslum við lögboðna endurskoðun varðandi skráningu, gæðatryggingarrýni, endurskoðunarstaðla, siðareglur starfsstéttar og óhæði.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki er skráð í einhverju aðildarríki í kjölfar viðurkenningar skv. 3. gr. eða 44. gr. og sá löggilti endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki setur fram áritanir endurskoðanda, sem varða árleg reikningsskil eða samstæðureikningsskil, eins og um getur í 1. mgr. 45. gr., skal aðildarríkið, þar sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyritækið er skráð, fella þann löggilta endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki undir eftirlits-, gæðatryggingar- og rannsóknarkerfi sitt og viðurlög.“

28. Ákvæði 35. gr. falli brott.

29. Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á viðurkenningu, skráningu, gæðatryggingu, eftirliti og viðurlögum, lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, og viðkomandi evrópsk eftirlitsyfirvöld skulu vinna saman eftir þörfum til þess að inna af hendi skyldur sínar og verkefni samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu veita lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum aðstoð og viðkomandi evrópskum eftirlitsyfirvöldum. Einkum skulu lögbær yfirvöld skiptast á upplýsingum og vinna saman að rannsóknum í tengslum við framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld skiptist á trúnaðarupplýsingum. Slík upplýsingaskipti skulu háð þagnarskyldu þeirra einstaklinga sem starfa eða hafa starfað hjá þeim lögbæru yfirvöldum sem taka við upplýsingunum. Þagnarskyldan skal einnig ná til sérhvers annars einstaklings sem lögbær yfirvöld hafa falið verkefni í tengslum við þau markmið sem sett eru fram í þessari tilskipun.“

c) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað b-liðar þriðju undirgreinar:

„b) málarekstur hefur þegar hafist varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem beiðni er beint til eða“.

ii. Eftirfarandi komi í stað c-liðar þriðju undirgreinar:

„c) lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, hafa þegar tekið endanlega ákvörðun að því er varðar sömu aðgerðir og gagnvart sömu einstaklingum.“

iii. Í stað fjórðu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um skyldur lögbærra yfirvalda eða evrópskra eftirlitsyfirvalda við málarekstur er þeim einungis heimilt, þegar þau taka við upplýsingum skv. 1. mgr., að nota þær við þau störf sín, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar eða reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, og í tengslum við málarekstur í stjórnslunni eða fyrir dómstóli sem sérstaklega er ætlað að sinna þessum viðfangsefnum.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4a. Aðildarríki geta heimilað lögbærum yfirvöldum að senda lögbæru yfirvöldunum, sem bera ábyrgð á eftirliti með einingum tengdum almannahagsmunum, og seðlabönkum, seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanka Evrópu, vegna hlutverka þeirra á sviði peningamála, og Evrópska kerfisáætturáðinu trúnaðarupplýsingar sem ætlaðar til að sinna hlutverki sínu. Ekki skal komið í veg fyrir að þessi yfirvöld eða aðilar sendi lögbærum yfirvöldum upplýsingar sem þau gætu þarfnast til að sinna skyldustörfum sínum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 537/2014.“

e) Í stað a-liðar fjórðu undirgreinar 6. mgr. komi eftirfarandi:

„a) slík rannsókn gæti haft neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til eða verið brot á innlendum öryggisreglum eða“.

f) Ákvæði 7. gr. falli brott.

30. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 37. gr.:

„3. Banna skal hvers konar ákvæði samnings sem takmarkar valkosti af hálfu hluthafafundar eða fundar aðila endurskoðuðu einingarinnar, skv. 1. mgr., við tiltekna flokka eða lista löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyriertækja, sem tengist ráðningu tiltekins löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyriertækis, til að annast lögboðna endurskoðun þeirrar einingar. Sérhvert slíkt núgildandi ákvæði skal vera dautt og ógilt.“

31. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 38. gr.:

„3. Þegar um er að ræða lögboðna endurskoðun einingar sem tengist almannahagsmunum skulu aðildarríkin tryggja að heimilt sé fyrir

a) hluthafa, sem ráða yfir 5% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutfé,

b) aðra aðila endurskoðuðu einingarinnar, ef þeir eru skilgreindir í landslögjöf, eða

c) lögbær yfirvöld, sem um getur í 32. gr. þessarar tilskipunar eða tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, eða 2. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar ef landslög kveða svo á um,

að bera upp kröfu fyrir landsdómstóli um brottvikningu löggiltra endurskoðandans (endurskoðendanna) eða endurskoðunarfyriertækisins (-fyriertækjanna) ef réttmætar málsástæður til að gera svo eru fyrir hendi.“

32. Í stað X. kafla komi eftirfarandi:

„X. KAFLI

#### **ENDURSKOÐUNARNEFND**

39. gr.

#### **Endurskoðunarnefnd**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að í sérhverri einingu tengdri almannahagsmunum sé endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefndin skal annað hvort vera sjálfstæð nefnd eða nefnd stjórnar eða eftirlitsstjórnar endurskoðuðu einingarinnar. Hún skal skipuð stjórnarmönnum, sem ekki eru framkvæmdastjórnar og/eða stjórnarmönnum í eftirlitsstjórn aðilans sem er endurskoðaður og/eða fulltrúum sem eru tilnefndir á hluthafafundi aðilans sem er endurskoðaður eða, að því er varðar einingar sem ekki eru með hluthafa af þeim sem gegna hliðstæðu hlutverki og hluthafafundur.

Að minnsta kosti einn nefndarmaður í endurskoðunarnefndinni skal hafa menntun og hæfi á sviði reikningsskila og/eða endurskoðunar.

Í heild skulu nefndarmenn í endurskoðunarnefndinni hafa yfir að ráða hæfni sem viðkemur geiranum sem endurskoðaða einingin starfar í.

Meirihluti nefndarmanna í endurskoðunarnefndinni skal vera óháður endurskoðuðu einingunni. Formaður endurskoðunarnefndarinnar skal vera skipaður af nefndarmönnum eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar og skal vera óháður endurskoðuðu einingunni. Aðildarríki skulu gera kröfu um að formaður endurskoðunarnefndarinnar sé kjörinn árlega á hluthafafundi endurskoðuðu einingarinnar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið ef um er að ræða einingar tengdar almannahagsmunum, sem uppfylla viðmiðin sem sett eru fram í f-lið og t-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB (\*), að stjórnin eða eftirlitsstjórnin sem heild geti sinnt þeim verkefnum sem falin eru endurskoðunarnefndinni, að því tilskildu, þar sem formaður slíkrar stjórnar er starfandi í framkvæmdastjórn, að hann eða hún skuli ekki vera formaður á meðan slík stjórn sinnir verkefnum endurskoðunarnefndarinnar.

Þegar endurskoðunarnefnd er hluti af stjórn eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar, í samræmi við 1. mgr., geta aðildarríki heimilað eða farið fram á að stjórnin eða eftirlitsstjórnin, eftir því sem við á, annist verkefni endurskoðunarnefndarinnar að því er varðar skyldurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 537/2014.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að ekki sé gerð krafa um að endurskoðunarnefnd sé í eftirfarandi einingum tengdum almannahagsmunum:

- a) einingu tengdri almannahagsmunum, sem er dótturfélag í skilningi 10. liðar 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, ef sú eining uppfyllir kröfurnar, sem settar eru fram í 1., 2. og 5. mgr. þessarar greinar, 1. mgr. 11. gr., 2. mgr. 11. gr. og 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, á samstæðustigi,
- b) einingu tengdri almannahagsmunum, sem er verðbréfasjóður, eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (\*\*), eða sérhæfður sjóður, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (\*\*\*),
- c) einingu tengdri almannahagsmunum, sem hefur þann eina tilgang að starfa sem útgefandi verðbréfa tryggðum með eignum, eins og skilgreint er í 5. lið 2. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (\*\*\*\*),
- d) lánastofnunum, í skilningi 1. liðar 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sem eru ekki með hluti sína skráða á skipulegan markað í neinu aðildarríki, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB og hafa, samfellt eða með endurteknum hætti, aðeins gefið út skuldabréf að því tilskildu að heildarnafnverð allra slíkra skuldabréfa, sem eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sé undir 10 000 000 evrum og að þær hafi ekki birt útboðs- og skráningarlýsingu samkvæmt tilskipun 2003/71/EB.

Einingar tengdar almannahagsmunum, sem um getur í c-lið, skulu upplýsa almenning um ástæður þess að þær telja að ekki sé viðeigandi að þær séu með annað hvort endurskoðunarnefnd eða stjórn eða eftirlitsstjórn sem falið er að fara með hlutverk endurskoðunarnefndar.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki krafist eða heimilað einingum tengdum almannahagsmunum að vera með endurskoðunarnefnd að því tilskildu að hún hafi einn eða fleiri aðila sem gegna sambærilegu hlutverki og endurskoðunarnefnd sem komið er á fót og starfrækt er í samræmi við gildandi ákvæði í aðildarríkinu þar sem einingin sem á að endurskoða er skráð. Þegar svo ber við skal einingin greina frá því hvaða aðili annast þessi störf og hvernig uppbyggingu þessa aðila er háttáð.

5. Ef allir nefndarmenn í endurskoðunarnefndinni sitja í stjórn eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar getur aðildarríkið kveðið svo á um að endurskoðunarnefndin sé undanþegin óhæðiskröfunum sem mælt er fyrir um í fjórðu undirgrein 1. mgr.

6. Með fyrirvara um ábyrgð stjórnarmanna í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða aðra fulltrúa, sem eru tilnefndir á hluthafafundi af hluthöfum aðilans sem er endurskoðaður, skal endurskoðunarnefndin m.a.:

- a) upplýsa stjórn eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar um niðurstöður endurskoðunarinnar og útskýra hvernig lögbodna endurskoðunin stuðlaði að heilindum í reikningsskilum og hvert hlutverk endurskoðunarnefndarinnar var í ferlinu,
- b) fylgjast með ferlinu við reikningsskilin og leggja fram ráðleggingar eða tillögur til að tryggja heilindi þeirra,
- c) fylgjast með skilvirkni innri gæðarýni fyrirtækisins og áhættustjórnunarkerfa og, eftir atvikum, innri endurskoðun þess, að því er varðar reikningsskil endurskoðuðu einingarinnar, án þess að skaða óhæði hennar,
- d) fylgjast með lögbodinni endurskoðun árlegra og samstæðureikningsskila, einkum framkvæmd þeirra, með tilliti til allra niðurstaðna og ályktana lögbæra yfirvaldsins skv. 6. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014,
- e) kanna og vakta óhæði löggiltu endurskoðendanna eða endurskoðunarfyrtækjanna, í samræmi við 22. gr., 22. gr. a, 22. gr. b, 24. gr. a og 24. gr. b, þessarar tilskipunar og 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, einkum hvort veiting þjónustu, sem ekki felur í sér endurskoðun, til endurskoðuðu einingarinnar í samræmi við 5. gr. þeirrar reglugerðar sé viðeigandi,
- f) bera ábyrgð á málsmeðferðinni fyrir val á löggiltum endurskoðanda (endurskoðendum) eða endurskoðunarfyrtæki (-fyrtækjum) og mæla með löggiltum endurskoðanda (endurskoðendum) eða endurskoðunarfyrtæki eða (-fyrtækjum), sem skipa skal í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, nema þegar 8. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 er beitt.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útbóðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útbod verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

(\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

(\*\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraráðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

(\*\*\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga (Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1).“

33. Ákvæðum 45. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu, í samræmi við 15., 16. og 17. gr., skrá alla endurskoðendur og endurskoðunareiningar frá þriðju löndum ef sá endurskoðandi eða sú endurskoðunareining frá þriðja landi setur fram áritun endurskoðanda varðandi árleg reikningsskil eða samstæðureikningsskil fyrirtækis, sem stofnað er utan Sambandsins og framseljanleg verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þessa aðildarríkis, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, nema ef fyrirtækið sem um ræðir gefur eingöngu út skuldabréf sem eitt af eftirfarandi á við um:

a) þau hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríki, í skilningi c-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB (\*), fyrir 31. desember 2010 og nafnverð hverrar einingar á útgáfudegi sé a.m.k. 50 000 evrur eða, ef um er að ræða skuldabréf í öðrum gjaldmiðli, samsvarandi a.m.k. 50 000 evrum á útgáfudegi,

b) þau hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríki, í skilningi c-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB frá 31. desember 2010, og nafnverð hvorrar einingar á útgáfudegi er a.m.k. 100 000 evrur eða, ef um er að ræða skuldabréf í öðrum gjaldmiðli, samsvarandi a.m.k. 100 000 evrum á útgáfudegi.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

b) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæði a-liðar falli brott.

ii. Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) endurskoðun árlegra reikningsskila eða samstæðureikningsskila, sem um getur í 1. mgr., fari fram í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, eins og um getur í 26. gr., og einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í 22. gr., 22. gr. b, og 25. gr. eða í samræmi við jafngilda staðla og kröfur.“

iii. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) það birti árlega á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi með upplýsingum, sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014, eða það uppfylli jafngildar kröfur um birtingu upplýsinga.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5a. Aðildarríki geta því aðeins skráð endurskoðanda frá þriðja landi ef hann eða hún uppfyllir kröfurnar, sem settar eru fram í c-, d- og e- liðum 5. mgr. þessarar gr.“

d) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Til þess að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu d-liðar 5. mgr. þessarar greinar skal fela framkvæmdastjórninni vald til að taka ákvörðun um jafngildi sem þar er getið með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. Aðildarríki geta metið jafngildið, sem um getur í d-lið 5. mgr. þessarar greinar, svo fremi sem framkvæmdastjórnin hefur ekki tekið slíka ákvörðun.

Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. a í þeim tilgangi að setja almennar viðmiðanir um jafngildi sem nota á við mat á því hvort endurskoðun reikningsskila, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fari fram í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, eins og um getur í 26. gr., og kröfurnar sem mælt er fyrir um í 22., 24. og 25. gr. Aðildarríki skulu nota slíkar viðmiðanir, sem gilda um öll þriðju lönd, við mat á jafngildi á landsvísi.“

34. Í stað 2. mgr. 46. gr. komi eftirfarandi:

„2. Til þess að tryggja samræmd skilyrði við beitingu 1. mgr. þessarar greinar skal fela framkvæmdastjórninni vald til að taka ákvörðun um sambærileikann sem þar um getur með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. Þegar framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt jafngildið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, geta aðildarríkin ákveðið að reiða sig að fullu eða að hluta á þetta jafngildi og þar með beita ekki eða breyta alveg eða að hluta kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. 45. gr. Aðildarríkin geta metið jafngildið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða reitt sig á matið sem önnur aðildarríki framkvæma svo fremi sem framkvæmdastjórnin hefur ekki tekið neina slíka ákvörðun. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að krefja um jafngildi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sé ekki uppfyllt getur hún heimilað hlutaðeigandi endurskoðendum í þriðju löndum og endurskoðunarfyrtækjum í þriðju löndum að halda áfram endurskoðunarstarfsemi sinni í samræmi við þær kröfur aðildarríkjanna sem við eiga á viðeigandi aðlögunartímabili.

Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. a í þeim tilgangi að setja almennar viðmiðanir um jafngildi, sem byggjast á kröfunum, sem mælt er fyrir um í 29., 30. og 32. gr., sem nota á við mat á því hvort opinbert eftirlit, gæðatryggingar, rannsóknir og viðurlagakerfi í þriðja landi séu sambærileg við það sem er í Sambandinu. Aðildarríkin skulu nota slíkar almennar viðmiðanir þegar þau meta jafngildi á landsvísu ef ekki er fyrir hendi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar viðkomandi þriðja land.“

35. Ákvæðum 47. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað upphafsorðanna:

„1. Aðildarríki geta heimilað að vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyritækja, sem þau hafa viðurkennt, og eftirlits- og rannsóknarskýrslur, sem varða hlutað-eigandi endurskoðun, séu send lögþærum yfirvöldum í þriðja landi að því tilskildu.“

ii. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) að þessi vinnuskjöl við endurskoðun, eða önnur skjöl, tengist endurskoðun á þeim félögum sem hafa gefið út verðbréf í þessu þriðja landi eða þau séu hluti af samstæðu sem gefur út lögboðin samstæðureikningsskil í þessu þriðja landi,“.

b) Eftirfarandi liður bætist við í 2. mgr.:

„ba) ekki sé grafið undan vernd viðskiptahagsmuna endurskoðuðu einingarinnar, þ.m.t. hugverkaréttindi hennar á sviði iðnaðar og hugverkarétt,“.

c) Í stað annars undirliðar d-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„— ef dómsmeðferð hefur þegar hafist varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum hjá yfirvöldum aðildarríkisins sem beiðninni er beint til eða

— ef lögþær yfirvöld í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, hafa þegar tekið endanlega ákvörðun varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu löggiltu endurskoðendum eða endurskoðunarfyritækjum.“

d) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Til þess að greiða fyrir samvinnu skal framkvæmdastjórninni falið vald til að ákveða hvort viðmiðanirnar sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar séu fullnægjandi með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 48. gr. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. a í þeim tilgangi að setja almenn viðmið sem framkvæmdastjórnin ber að fylgja við að meta hvort veita megi lögþærum yfirvöldum í þriðju löndum viðurkenningu á að þau fullnægi kröfum um samstarf með lögþæru yfirvaldi aðildarríkis um skipti á vinnuskjöllum við endurskoðun, öðrum en skjölum í vörslum löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyritækja. Almennu viðmiðin skulu byggjast á kröfum 36. gr. eða raunverulegum niðurstöðum, sem eru í meginatriðum sambærilegar, og varða bein skipti á vinnuskjöllum sem varða endurskoðun eða önnur skjöl í vörslum löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyritækja.“

e) Ákvæði 5. mgr. falli brott.

36. Í stað 1. og 2. mgr. 48. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar, (hér á eftir kölluð „nefndin“). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (\*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

37. Eftirfarandi grein bætist við:

„48. gr. a

#### **Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 26. gr. (3. mgr.), 45. gr. (6. mgr.), 46. gr. (2. mgr.) og 47. gr. (3. mgr.) í fimm ár frá 16. júní 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 26. gr. (3 mgr.), 45. gr. (6. mgr.), 46. gr. (2. mgr.) og 47. gr. (3. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 26. gr. (3 mgr.), 45. gr. (6. mgr.), 46. gr. (2. mgr.) og 47. gr. (3. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan fjögurra mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

38. Ákvæði 49. gr. falli brott.

2. gr.

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 17. júní 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 17. júní 2016.

2. Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í tilskipun þessa eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. KOURKOULAS

*forseti.*

---